


skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

21. júlí 2010 — 169. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Kunna að meta landið

*Sérsniðnar ferðir fyrir erlenda ljósmyndara eru vaxandi grein innan íslenskrar ferðaþjónustu.*

allt 2

## Robyn til landsins

*Sænska poppstjarnan Robyn kemur fram á Iceland Airwaves í ár.*

fólk 26



## Valur í góðum málum

*Blikar unnu stórleikinn við Þór/KA en Valur er skrefi nær titlinum.*

sport 21

### veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður hæg vestlæg átt og skýjað með köflum V-til en hægviðri og léttskýjað annars staðar. Hiti víðast 10-19 stig, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**AÐEINS MISMUNANDI FLATT** Flestum reynist nóg að standa undir sjálfum sér í Esjugöngu, en þessi lét sig ekki muna um að bera hjólið á bakinu alla leið upp á topp og hjóla svo niður aftur. Líklega var hann minnugur ljóðlína Tómasar Guðmundssonar: Því hversu mjög sem mönnum finnast/fjöllin há, ber hins að minnast/sem vitur maður mælti forðum/og mótaði í þessum orðum/að eiginlega er ekkert bratt/aðeins mismunandi flatt.

# Ráðherra efast um lögmæti kaupanna

**Fjármálaráðherra efast um að kaup Magma Energy á hlut í HS orku standist lög. Vill halda fyrirtækinu í eigu Íslendinga. Iðnaðarráðherra vill tryggja forkaupsrétt ríkisins á hlutnum og stytta samningstíma við Reykjanesbæ.**

**ORKUMÁL** Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra eru ósammála um það hvort kaup Magma Energy á hlut í HS orku standist lög. Forstjóri Magma segir fyrirtækið reiðubúið að ræða forkaupsrétt ríkisins.

„Ég tel að það orki mjög tvímælis að fjárfesting í gegnum skúffufyrirtæki í Svíþjóð sé í samræmi við lög,“ segir Steingrímur. „Ég er þeirrar skoðunar að þetta standist ekki anda laganna og er þá frekar sammála minnihluta nefndarinnar. En svona er staðan. Meirihluti nefndarinnar tók þessa afstöðu og við sitjum uppi með það í bili.“

Steingrímur segir flokk sinn hafa þá stefnu að stór og mikilvæg orkufyrirtæki séu betur komin í eigu Íslendinga og vill nýta alla möguleika til þess að vinda ofan af málinu.

„Það leikur enginn vafi á því að lög eiga eftir að taka breytingum á þessu sviði á næstu misserum,“ segir hann. „Það þarf að þrengja lagarammann til muna varðandi ráðstöfun auðlinda, hámarkstíma samninga tengda þeim og skorður á eignarhaldinu.“

> Ég tel að það orki mjög tvímælis að fjárfesting í gegnum skúffufyrirtæki í Svíþjóð sé í samræmi við lög.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að miðað við það mat sem hún hafi séð sýnist henni að engin lög hafi verið brotin með kaupunum, en þau megi alltaf endurskoða. Hafa verði í huga að hluturinn hafi ekki verið í eigu hins opinbera heldur einkaaðila.

„Um er að ræða tugmilljarða skuldbindingu og við erum að vinna að því að tryggja forkaupsrétt ríkisins á þessum hlut. Þegar betur árar getum við farið inn í þessi kaup ef Magma ákveður að selja.“

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma Energy Iceland ehf., segir fyrirtækið reiðubúið að ræða forkaupsrétt ríkisins.

„Þetta á auðvitað ekki við ef lög verða sett á samninginn. Ef ríkið ætlar að ræða við okkur um þessi mál þá er ekki líklegt að samningnum verði rift,“ segir Ásgeir.

Katrín telur leigutíma samnings Magma við Reykjanesbæ – 65 ár með möguleika á framlengingu um önnur 65 – á jarðhitaréttindum vera of langan og vert sé að endurskoða hann.

Ásgeir segir samningana hafa verið gerða við HS orku árið 2009, fyrir tíma Magma, og fyrirtækið hafi nú lýst því yfir að möguleiki sé að endurskoða samningstímann.

„Aðalatriðið er að fyrirkomulagið stuðli að skynsamlegri nýtingu. Mjög stuttur tími getur unnið gegn því og einnig leitt til hærra orkuverðs,“ segir Ásgeir. „En við erum mjög reiðubúnir til að ræða þessi mál við ríkið og sveitarfélögin.“

**- sv**

Stýrir skóla í Phnom Penh:

## Vildi snúa aftur til Kambodíu

**FÓLK** „Ég dvaldi hér í þrjá mánuði síðasta sumar þegar ég vann að meistaraverkefninu mínu og vann þá á munaðarleysingjaheimili í Phnom Penh í Kambódíu,” segir Steinunn Jakobsdóttir sem útskrifaðist með meistaragráðu í þróunarfræði frá UCD-háskólanum í Dublin um jólin.

Hún starfar nú sem skólastýra alþjóðlegs barnaskóla í Phnom Penh. „Mér fannst yndislegt að vera hérna þrátt fyrir þessa miklu fátækt og langaði að koma aftur eftir útskriftina,“ útskýrir Steinunn sem heimsótti landið fyrst fyrir tveimur árum, þá á bakpokaferðalagi.

**- sm /** sjá síðu 26








HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0807




Kauptu mig!
ÉG ER ÓDÝR OG BRAGÐGÓÐ
JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART

## SPURNING DAGSINS



*„Logi, er loginn slokknaður?“*

„Já, en lengi lifir í gömlum glæðum.“

Logi Ólafsson lét af störfum sem þjálfari karlaliðs KR á mánudag. Logi, sem hefur átt langan og farsælan þjálfaraferil, segist líklega vera hættur þjálfun.

Þétt gras þjarmar að smávöxnum plöntum en hvönn nær sér á strik í Surtsey:

# Plöntutegundum fækkar í eynni

**NÁTTÚRA** Plöntutegundum hefur fækkað í Surtsey þriðja árið í röð, og telja vísindamenn líklegt að toppnum í fjölda plöntutegunda hafi verið náð. Skordýrategundum hefur þó fjölgað.

„Það er ljóst að plöntum mun ekki fjölga endalaust í Surtsey,“ segir Borgþór Magnússon, vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun. Hann segir þétt gras þjarma að smávöxnum plöntum, sem sé svipuð þróun og virðist hafa orðið í öðrum úteyjum Vestmannaeyja.

Borgþór segir að þótt plöntum hafi fækkað hafi leiðangursmenn nú séð að ætihvönn virðist nú loks vera að ná sér á strik. Ein planta hafi blómgast og muni fræ frá henni líklega verða upphafið að frekari útbreiðslu í eynni. Líklegt þykir að hvönnin verði áberandi í Surtsey í framtíðinni, en sauðfé heldur henni niðri í öðrum úteyjum.

Nokkrar nýjar skordýrategundir fundust í Surtsey þetta árið, og segir Borgþór líklegt að tegundunum muni eitthvað fjölga á næstu árum. Skordýrin komi gjarnan nokkru á eftir plöntutegundum, sérstaklega þegar þétt gras- og blómlendi hafi myndast. - bj



**HVÖNN** Þessi ætihvönn blómstraði og myndaði fræ í fyrsta skipti í Surtsey í ár, og bendir allt til þess að hvönn verði útbreidd í eynni þegar fram líða stundir. MYND/BORGÞÓR MAGNÚSSON

Bankar fá ókeypis ríkisábyrgð:

# Gæti skilað ríkinu milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptabankarnir greiða ekkert fyrir ótakmarkaða ríkisábyrgð á innistæðum, en slíkt gjald gæti skilað ríkissjóði milljörðum króna, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Þegar ríkissjóður veitir ríkisábyrgð á lánum greiða lántakar þóknun fyrir ábyrgðina. Landsvirkjun greiðir til dæmis um 900 milljónir árlega vegna þessa.

Ríkið hefur með yfirlýsingu ábyrgst allar innstæður í bönkunum en hefur ekki innheimt gjald fyrir ábyrgðina. - bj

Utanríkisráðherra bjartsýnn:

# Getum varið auðlindir okkar

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er bjartsýnn á aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu (ESB). Össur er nýkominn til Íslands frá Króatíu og Ungverjalandi þar sem hann lagði drög að viðræðum.

„Þetta verður skafl að fara í gegnum. En ég tel að við komum með samning að lokum sem verður samþykktur,“ segir Össur. Hann telur að reglur ESB séu með þeim hætti að Íslendingar eigi að geta varið auðlindir sínar á landi og sjó með viðeigandi hætti og þurfi ekki að gefa eftir í því sambandi. - sv

Telur Landsbanka brjóta lög:

# Múrbúðin kvartar til ESA

**SAMKEPPNISMÁL Múrbúðin hefur sent ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, kvörtun vegna yfirtöku Landsbankans á Húsasmiðjunni. Telja forsvarsmenn hennar að yfirtakan og eignarhald bankans á Húsasmiðjunni feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi EES-samningsins. Þá feli eignarhaldið einnig í sér ólögmætan ríkisstyrk.**

**Í kvörtun Múrbúðarinnar segir að bankarnir gefi skít í samkeppnisreglur og dæli peningum í fyrirtæki sem þau hafa tekið yfir til að tryggja verðmæti þeirra í endursölu. Í tilviki Landsbankans sé um ríkisfé að ræða, enda bankinn í meirihlutaeigu ríkisins.** - sh

## LÖGREGLUMÁL

### Tekinn ölvaður á snjósleða

Karlmaður var handtekinn fyrir ölvunarakstur á snjósleða innanbæjar á Seyðisfirði aðfaranótt sunnudagsins síðasta. Enginn snjór var í bænum þótt hann væri enn að sjá á fjöllum, að því er fram kemur á vef Austurgluggans. Maðurinn missir ökuréttindi af þessum sökum.



**ÖRYGGISSVEITIR** Sérfræðingar í málefnum Afganistans létu í gær í ljós efasemdir um að afganskar her- og lögreglusveitir yrðu reiðubúnar til að taka við af erlendu herliði fyrir árið 2014, eins og forseti Afganistans fullyrti í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Stjórnvöld munu fá helming framlaga

**Forseti Afganistans vann áfangasigur með því að fá samþykkt að stjórnvöld í landinu fái helming allra framlaga til uppbyggingar í landinu. Segir afganskar hersveitir verða tilbúnar til að taka við öryggisgæslu í landinu árið 2014.**

**AFGANISTAN, AP** Staðið verður við það markmið að afganski herinn taki við öryggisgæslu í Afganistan fyrir árið 2014. Þetta sagði Hamid Karzai, forseti landsins, á alþjóðaráðstefnu um málefni þess sem fram fór í Kabúl í gær.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, segir að ekki komi til greina að fara frá landinu fyrr en víst sé að Afganar ráði við stjórnina. Jafnvel þó að þeir taki yfir öryggisgæslu munu hersveitir NATO vera áfram í landinu.

Karzai óskaði einnig eftir því í ræðu sinni að stjórnvöld fengju meira af þeim fjármunum sem alþjóðasamfélagið setur í uppbyggingarstarf í landinu. Hingað til hafa lönd verið treg til að veita ríkisstjórn landsins fjármagn heldur hafa látið mestan hluta aðstoðarinnar í alþjóðlegar hjálparstofnanir.

Samþykkt var í lok ráðstefnunnar að afgönsk stjórnvöld fengju 50 prósent framlaganna á næstu tveimur árum, en þau fá um fimmtung framlaganna í dag. Karzai hafði óskað eftir því að enn hærra hlutfall rynni til stjórnvalda.

Fulltrúar sjötíu ríkja komu saman á ráðstefnunni í gær. Öryggisgæsla var gríðarlega mikil í Kabúl og var borginni nánast lokað fyrir umferð.

Þrátt fyrir miklar öryggisráðstafanir var eldflaugum skotið á flugvöll borgarinnar og kom árásin til að mynda í veg fyrir að flugvél með Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, og Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, gæti lent á vellinum. Þeir flugu í þyrlu á áfangastað, en utanríkisráðherra Danmerkur, Lene Espersen, missti af ráðstefnunni vegna þessa.

thorunn@frettabladid.is

# Benedikt Gröndal fallinn frá

**Benedikt Gröndal, fyrrverandi forsætisráðherra, andaðist í gærmorgun, 86 ára að aldri.**

**Benedikt fæddist í Hvilft í Önundarfirði 7. júlí árið 1924. Hann varð stúdent frá MR árið 1943 og lauk BA-prófi með sögu sem aðalgrein frá Harvard í Bandaríkjunum árið 1946. Kona Benedikts var Heidi Gröndal og eignuðust þau þrjá syni.**



**Benedikt var ritstjóri Alþýðublaðsins frá 1956 til 1966 og starfaði sem forstöðumaður fræðsludeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga. Hann sat í bæjarráði Reykjavíkur og í útvarpsráði um árabil. Benedikt var kjörinn á Alþingi 1956 fyrir Alþýðuflokkinn og var formaður hans 1974 til 1980. Hann var utanríkisráðherra 1978 til 1980 og jafnframt forsætisráðherra í minnihlutastjórn Alþýðuflokksins 1979 til 1980.**

Clinton og Gates í S-Kóreu:

# Heimsækja landamærin

**SUÐUR-KÓREA, AP** Varnarmála- og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Robert Gates og Hillary Clinton, munu heimsækja einskismannslandið milli Suður- og Norður-Kóreu í dag. Það gera þau til að sýna „staðfasta skuldbindingu“ sína við Suður-Kóreu.

Suður-Kórea og Bandaríkin standa fyrir sameiginlegum heræfingum á sunnudag. Gates og Clinton munu funda með ráðherrum landsins og taka þátt í athöfn vegna þess að 60 ár eru liðin frá upphafi Kóreustríðsins. - þeb






Heimssýn fékk Evrópuþingmanninn Nigel Farage til að uppfræða kollega sína:

# Sendi póst á Evrópuþingmenn

**EVRÓPUMÁL** Breski Evrópuþingmaðurinn Nigel Farage áframsendi um miðjan júní tölvuskeyti á aðra Evrópuþingmenn að beiðni Heimssýnar, samtaka andstæðinga Evrópusambandsins, með útlistun á stöðunni í Evrópumálum á Íslandi.

Farage, leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins, er harðvítugur andstæðingur Evrópusambandsins og hefur gagnrýnt það mjög opinberlega.

Í tölvupóstinum er sagt frá þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi af fulltrúum allra flokka nema Samfylkingar um að draga skuli aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Þá er útskýrt að ríkisstjórnin sé klofin í málinu, Samfylkingin sé eini flokkur landsins með Evrópusambandsaðild á stefnuskrá sinni og áréttar að ráðamenn hafi ávallt sagt viðræðurnar vera „könnunarviðræður“, en ekki aðildarviðræður.

Enn fremur er tekið fram að meirihluti Íslendinga sé andvígur aðild samkvæmt könnunum og að eini Evrópusinnaði flokkurinn, Samfylkingin, hafi tapað miklu fylgi í sveitarstjórnarkosningum í vor.



**NIGEL FARAGE** Heimssýn fékk leiðtoga Breska sjálfstæðisflokksins til að áframsenda tölvuskeyti, með útlistun á stöðu Evrópumála á Íslandi, á þingmenn Evrópuþingsins.

Að síðustu segir að það sé ekki í anda góðra samskipta við ESB að sitjandi ríkisstjórn Íslands haldi til streitu aðildarumsókn sem mikill meirihluti þjóðarinnar er andvígur. - sh

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember




**LÁN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM42948

## GENGIÐ 20.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,73 | 123,31 |
| Sterlingspund | 186,39 | 187,29 |
| Evra | 158,26 | 159,14 |
| Dönsk króna | 21,233 | 21,357 |
| Norsk króna | 19,443 | 19,557 |
| Sænsk króna | 16,644 | 16,742 |
| Japanskt jen | 1,4132 | 1,4214 |
| SDR | 185,21 | 186,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 201,7171

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rússar leggja 122 milljarða króna í nýjan geimflaugaskotpall:

# Skotpallur fyrir einkageimferðir

**RÚSSLAND** Yfirvöld í Rússlandi ætla að verja jafnvirði 122 milljarða króna í eldflaugaskotpall í austurhluta landsins, að sögn breska ríkisútvarpsins. Vladimír Pútín forsætisráðherra tilkynnti um þessi áform í gær. Pallurinn á að minnka álagið á skotpallinn í Baikonur í Kasakstan, sem reistur var á Sovéttímanum.

Nýi skotpallurinn rís í bænum Uglegorsk í Armur-héraði í austurhluta landsins, skammt frá landamærum Rússlands og Kína. Búist er við að pallurinn verði tekinn í gagnið árið 2015 en hann verður aðallega notaður fyrir einkageimferðir. Að sögn forstjóra rússnesku geimferðastofnunarinnar munu um 30 þúsund sérfræðingar taka þátt í smíði pallsins. Hann verður nokkuru minni en skotpallurinn í Kasakstan, sem Rússar hafa leigt af heimamönnum, eða um 700 ferkílómetrar.

Pútín lagði áherslu á að skotpallurinn væri fyrst og fremst ætlaður fyrir einkageimferðir en hann myndi líka tryggja sjálfstæði Rússlands í geimferðum.

Búist er við að framkvæmdir við skotpallinn hefjist árið 2012. **- bs**



**SKOTPALLURINN Í BAIKONUR** Pallurinn í Kasakstan var reistur á Sovéttímanum en Rússar leigja hann nú af heimamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/

Úrhellisrigning síðustu vikur:

# Tugir látist í flóðum í Kína

**KÍNA, AP** Flóð og aurskriður í Shaanxi í Kína hafa orðið að minnsta kosti 37 að bana undanfarna daga. 97 til viðbótar er saknað.

Fyrir flóð helgarinnar höfðu 146 farist og 40 var saknað eftir óveður sumarsins. Björgunarmenn leituðu í gær að þrjátíu manns sem grófust þar í aurskriðu.

Vatnshæðin við Þriggja gljúfra stífluna, stærstu stíflu heims, náði sögulegu hámarki í gær þegar vatn flæddi yfir hana. **- þeb**

Vill fund í sjávarútvegsnefnd:

# Fundur líklega boðaður í ágúst

**ALÞINGI** Vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um að gefa veiðar á úthafsrækju frjálsar hefur Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, óskað eftir að boðaður verði sem fyrst fundur í sjávarútvegsnefnd.



**JÓN GUNNARSSON**

Hann óskar einnig eftir því að fundinn sitji fulltrúar LÍÚ, Ástráður Haraldsson lögfræðingur og fulltrúar starfshóps ráðuneytisins um veiðar á úthafsrækju auk fulltrúa Byggðastofnunar.

„Það eru allir starfsmenn farnir í frí þannig að ég á ekki von á að ná þessum fundi fyrr en í ágúst,“ segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og formaður sjávarútvegsnefndar. Hann kveðst þó eiga eftir að ræða málið nánar við Jón. **- óká**

### SIGLUFJÖRÐUR

**Framkvæmdum miðar vel**

Góður gangur er í byggingu Héðinsfjarðarganga þessa dagana. Búið er að malbika tæpa sex kílómetra af alls tæpum ellefu sem göngin eiga að vera en þau eru tvískipt.

### ÁRÉTTING

Í dálkinum „Fréttir af fólki“ á baksíðu Fréttablaðsins í gær var fyrir mistök greint frá slysförum ungmenna. Allir hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar.

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í sérblaðinu Garðurinn í gær að fyrstu eplatrén í almenningsgarði í borginni yrðu gróðursett á föstudag á Klambratúni. Hið rétta er að í Grundargarði við Grundargerði eru átta eplatré, þau fyrstu fóru í mold fyrir tveimur árum.

# Vísbendingar um hallalausan rekstur

**Landspítalinn var rekinn með ríflega 1,3 milljarða króna halla á síðasta ári, en teikn eru á lofti um að rekstur það sem af er ári hafi verið í jafnvægi. Rekstrarhallinn hefði verið tæplega 190 milljónir hefði gengi krónunnar verið stöðugt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Halli á rekstri Landspítalans á síðasta ári var ríflega 1,3 milljarðar króna, sem nemur um 3,5 prósentum af veltu spítalans. Reksturinn það sem af er ári virðist vera í jafnvægi.

Í uppgjöri spítalans vegna ársins kemur fram að hallinn á síðasta ári skýrist að langmestu leyti af gengisfalli íslensku krónunnar.

Fyrstu vísbendingar benda til þess að reksturinn það sem af er ári sé í jafnvægi, segir Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans. Unnið er að hálfs árs uppgjöri spítalans í samvinnu við Ríkisendurskoðun.

„Við þurftum að fara út í miklar hagræðingaraðgerðir í fyrra og í ár, en þetta hefur tekist án þess að verið sé að stofna öryggi sjúklinga í hættu,“ segir Anna. Hún varar við því að gengið verði of langt í lækkun framlaga til spítalans.

Fjárheimildir og aðrar tekjur Landspítalans á síðasta ári voru um 37,5 milljarðar króna, og höfðu lækkað um 3,7 prósent frá fyrra ári. Útgjöldin drógust saman um 4,2 prósent, eða um 38,8 milljarða króna.

„Við kaupum mjög mikið inn af lyfjum, sérhæfðum lækningum og tækjum erlendis frá, og þá kemur gengisfallið beint inn í kostnaðarverð þessara vara á árunum 2008 og 2009,“ segir Anna Lilja.

Sé óhagstæð gengisþróun ekki talin með hefði hallareksturinn numið um 0,5 prósentum af veltu, eða tæplega 190 milljónum króna. Gengið hefur verið nokkuð stöðugt í ár, og því ekki búist við svipuðum áföllum á yfirstandandi ári.



**VEXTIR** Landspítalinn greiddi um 210 milljónir króna í dráttarvexti á síðasta ári. Búið er að koma í veg fyrir greiðsludrátt með samningi við heilbrigðis- og fjármálaráðuneyti, segir framkvæmdastjóri fjármálasviðs spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Vegna gengisfalls krónunnar jókst rekstrarkostnaður í fyrra og árið áður, sem leiddi til þess að við höfðum safnað upp talsverðum halla í efnahagsreikningi,“ segir Anna. Hallinn var í árslok 2009 tæplega þrír milljarðar króna.

Útistandandi kröfur spítalans voru um 1,7 milljarðar króna í lok síðasta árs. Anna segir þær kröfur hafa aukist verulega á árinu 2009, meðal annars vegna þess að aðrar heilbrigðisstofnanir hafi greitt seint og illa fyrir þjónustu sem hafi verið keypt af Landspítalanum.

Anna segir að búið sé að komast fyrir skuldavanda Landspítalans og margra annarra heilbrigðisstofnana með samningum við heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Ríkið hafi lánað stofnunum fyrir skuldunum, svo ekki þurfi að greiða dráttarvexti. Eftir er að semja um hvernig lánin verða endurgreidd.

„Þetta er skynsamlegra, þá erum við ekki að greiða dráttarvexti og erum með jafnvægi í rekstrinum,“ segir Anna. **brjann@frettabladid.is**



**SKULDIR** Ómar Ragnarsson sagði frá því í viðtali við DV að skuldir upp á um fimm milljónir hefðu stöðvað gerð heimildarmynda hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Styrkja Ómar Ragnarsson:

# Landsvirkjun gaf 2 milljónir

**SÖFNUN Landsvirkjun hefur ákveðið að taka þátt í söfnun til styrktar Ómari Ragnarssyni með tveggja milljóna króna framlagi. Fyrirtækið tekur þannig þátt í landssöfnun sem athafnamaðurinn Friðrik Weisshappel stendur fyrir.**

**Friðrik hefur stofnað síðu á Facebook þar sem hvatt er til þess að almenningur og fyrirtæki styrki heimildarmyndagerð Ómars. Markmiðið með söfnuninni er að losa Ómar undan um fimm milljóna króna skuld sem hann hefur safnað upp með gerð heimildarmynda um náttúru Íslands.** **- bj**

### FERÐALÖG

**Methelgi í Húsafelli**

Aldrei hafa fleiri ferðalangar lagt leið sína í Húsafell en um liðna helgi. Skessuhorn hefur eftir Hrefnu Sigmarsdóttur hjá ferðaþjónustunni á staðnum að um 1.500 manns hafi verið á troðfullum tjaldstæðunum og minnst annað eins í sumarhúsum. Fjöldi gesta í Húsafelli hafi líklega verið svipaður íbúafjölda Borgarbyggðar, en þar búa 3.500 manns.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SUÐLÆGAR ÁTTIR Í KORTUNUM**

Veður mun heldur betur leika við landsmenn á norður- og austurhluta landsins næstu daga en þar er útlit fyrir bjartviðri og talsverð hlýindi alveg fram á sunnudag. Horfur á óspennandi veðri um tíma vestan til á föstudag.



**Á MORGUN** Víða hægviðri en 3-8 m/s V-til.

**FÖSTUDAGUR** Sunnan strekkingur V-til, annars 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 33° |
| Berlín | 33° |
| Billund | 27° |
| Frankfurt | 33° |
| Friedrichshafen | 32° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 23° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 21° |
| París | 19° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




**Öðruvísi næturlíf í Reykjavík!**

Opið frá miðvikudagsmorgni, 21.júlí til mánudagskvölds 26 júlí

Gjald 1000 kr.
á næturtíma,
afsláttarkort gilda




ÍTR

Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is • sími 411 5000

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú afleiðingarnar fari slökkviliðsmenn í verkfall?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 65,8% |
| NEI | 34,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var það rétt ákvörðun hjá sjávarútvegsráðherra að gefa frjálsar veiðar á úthafsrækju?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Útköllum Landhelgisgæslunnar hefur fækkað á síðustu árum:

# Efling slysavarna hefur skilað árangri

**SAMFÉLAGSMÁL** Útköllum Landhelgisgæslunnar hefur fækkað um 32 prósent frá árinu 2007 til ársins 2009. Þetta kemur fram í ársskýrslu Landhelgisgæslunnar fyrir árið 2009 sem nýlega kom út. Árið 2007 voru útköll alls 172 en árið 2009 voru þau 117.

„Það er búið að efla allar slysavarnir til sjós og lands og ég mundi halda að þetta væri forvarnastarfið,“ sagði Halldór B. Nellett, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, spurður um málið. „Forvarnir í Slysavarnaskóla sjómanna hafa batnað. Árið 2008 var fyrsta árið sem enginn fórst á sjó, það segir sína sögu.“ Halldór telur að aukið samstarf við löggæslu í landi hafi skilað sér í meira öryggi á þjóðvegum landsins. „Við erum í góðu samstarfi við ríkislögreglustjóra um að vera sýnilegir við eftirlit með umferð. Það hefur sannað sig að það snarhægir á henni þegar menn vita að vélin er að fljúga,“ segir Halldór.

Landhelgisgæslan hefur ekki yfir sama tækjabúnaði að ráða nú og þegar mest var. Halldór segir það ekki hafa áhrif á fjölda útkalla.

„Við höfum getað sinnt nánast öllum útköllum sem við höfum fengið. Við höfum allavega ekki hafnað einu einasta,“ sagði Halldór en bætti því þó við að hann myndi vissulega vilja hafa fleiri þyrlur til reiðu því teflt væri á tæpasta vað ef upp kæmu óvæntar bilanir eða frávik. - mþl



**FÆRRI ÞYRLUR EN ÁÐUR** Leigusamningur þyrlunnar TF-EIR rann út 1. júlí og var ekki endurnýjaður. Einungis tvær þyrlur eru því til taks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÖGREGLA** Fatnaður lögreglu er af margvíslegum toga og þarf að koma að gagni við ólíkar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útboði skipt í sex flokka:

## Tilboða óskað í fatnað lögreglu

**LÖGREGLA** Ríkiskaup hafa, fyrir hönd embættis Ríkislögreglustjóra, óskað eftir tilboðum í einkennisfatnað lögreglumanna allra lögreglustjóraembætta landsins.

Um er að ræða einkennishúfur, hátíðarbúning, daglegan vinnufatnað, annan fatnað, skófatnað og einkenni. Útboðinu er skipt í sex flokka en áætluð innkaup á fatnaði í þau þrjú ár sem samningur gildir nema 146,8 milljónum króna. Heimilt er að framlengja samninginn í sex ár mest, en miðað við þann tíma nema heildarinnkaup 294 milljónum króna. Fram kemur í útboðsgögnunum að áætlaður fjöldi lögreglumanna sé 660. - óká

Lögregla leitar ræningja:

## Rændi banka með blómvendi

**BANDARÍKIN Lögreglan í New York leitar nú að bankaræningja sem rændi banka á Manhattan í síðustu viku. Hún hefur gefið út mynd af manninum úr öryggismyndavél bankans, en maðurinn var vopnaður blómvendi.**

**Ræninginn gekk inn í bankann með blómvönd í hönd. Hann náði í hótunarbréf inn í vöndinn þar sem hann krafðist þess að fá 50 og 100 dollara seðla og sagði gjaldkera að „vera ekki hetja“.**

**Ekki hefur verið gefið upp hversu háa fjárhæð ræninginn hafði á brott með sér úr bankanum.** - þeb

# Hærri skattar þrátt fyrir auknar tekjur

**Hækka þarf skatta á næsta ári þrátt fyrir betri stöðu ríkissjóðs, að sögn fjármálaráðherra. Hann segir úttekt AGS á skattkerfinu geyma margt gott. Væri nær að örva atvinnulífið og fara í stóriðjuframkvæmdir, segir Pétur H. Blöndal.**

**STJÓRNSÝSLA** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að batnandi staða ríkissjóðs slái ekki algjörlega á þörfina fyrir skattahækkanir. Greiðslutekjur ríkissjóðs árið 2009 voru 22 milljörðum krónum hærri en gert var ráð fyrir.

„Þetta lagar vissulega stöðuna, en ríkisstjórnin er að hluta til búin að nýta sér það svigrúm sem fékkst,“ segir Steingrímur. „Í ljósi málsins þá drögum við úr umfangi þeirra aðhaldsaðgerða sem voru í bígerð árið 2009. Þetta er jákvæð sönnun þess að þær aðgerðir sem gripið var til á síðasta ári eru að ganga vel.“ segir hann.

Pétur H. Blöndal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og skattanefnd, segir að ríkisstjórnin sé á rangri braut í skattamálum. Hún hefði, í stað niðurskurðar og skattahækkana, unnið að því að stækka kökuna. Það mætti gera með átaki í virkjanamálum og sérstakri úthlutun veiðiheimilda, svo dæmi séu nefnd. Þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn lagt til skattlagningu séreignasjóða.

„Með því má sleppa öllum þessum skattahækkunum á almenning og fyrirtæki sem draga mikinn mátt úr atvinnulífinu. Það leiðir til meira atvinnuleysis og minni skatttekna. Annað eykur gjöldin og hitt minnkar tekjurnar. Ríkisstjórnin hefði strax átt að fara þessa leið og það er enn tími til þess.“

Pétur segir minna atvinnuleysi en gert hafði verið ráð fyrir sýna hve gott er að búa við krónu sem styrkt hafi útflutningsvegina. Þá búi atvinnulífið enn að því umhverfi sem Sjálfstæðisflokkurinn bjó því í 18 ár. „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók fram að íslenska skattkerfið væri mjög gott þrátt fyrir þá leið sem ríkisstjórnin fór um síðustu áramót, að draga úr kostum skattkerfisins.“

Steingrímur segir úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á íslenska skattakerfinu innihalda margar góðar tillögur að breytingum og vera gagnlegt plagg í vinnuferli ríkisstjórnarinnar.

„Það er alveg ljóst að ríkið þarf að afla aukinna tekna á komandi árum. Eitthvað af tillögum AGS gæti orðið að veruleika, annað ekki,“ segir Steingrímur.

Steingrímur segir AGS gera ráð fyrir að drjúgum hluta tekna muni aftur vera varið til jöfnunaraðgerða í þágu tekjulágra fjölskyldna meðal annars í formi vaxta- og barnabóta og þannig megi auka jöfnunaráhrif skattkerfisins.

kolbeinn@frettabladid.is
sunna@frettabladid.is



**FULLTRÚAR AGS** Franek Rozwadowzki, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), hélt nýverið blaðamannafund um skattaúttekt sjóðsins. Sjóðurinn telur einungis tvær leiðir færar: skattahækkanir eða niðurskurð ríkisútgjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**PÉTUR H. BLÖNDAL**

Tíu mánuðir fyrir kynferðisbrot:

## Prestur dæmdur í Þýskalandi

**ÞÝSKALAND, AP Dómstóll í Weiden í Þýskalandi hefur dæmt kaþólskan prest í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot.**

**Maðurinn var dæmdur fyrir að „snerta fjórar ungar stúlkur á ósiðlegan hátt fyrir neðan mitti“ í kennslustund í trúarbrögðum í barnaskóla á síðasta ári.**

**Manninum var vikið frá störfum þegar málið kom upp í apríl. Kaþólska kirkjan segir að hann fái ekki að koma aftur til starfa, hvorki sem prestur né til annarra starfa þar sem hann gæti komist í návígi við börn.** - þeb



**BJÖRK** Listakonan segir forstjóra Magma misskilja afstöðu hennar í málinu.

Tilboð frá Magma:

## Björk afþakkar hlut í HS orku

**ORKUMÁL** Ross Beaty, forstjóri Magma Energy, bauð Björk Guðmundsdóttur 25 prósenta hlut í HS orku í fyrradag. Hann setti fram tilboð sitt á vef blaðsins Reykjavík Grapevine. Hún hafnaði boðinu.

Björk segir að Beaty misskilji sjónarmið hennar í Magma-málinu fyrst hann sé að bjóða henni hlut.

„Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að einkavæða fyrirtækið, heldur á að færa það aftur í hendur fólksins,“ segir Björk í svari sínu til Beaty. - jhh






Alls fengu 82 prósent framhaldsskólanema pláss í skóla eftir fyrsta vali:

# Búseta ræður 45% skólaplássa

**MENNTUN** Alls fengu 82 prósent nemenda í framhaldsskólum pláss í skóla sem þeir settu í fyrsta val og 95 prósent pláss í skóla í fyrsta eða öðru vali. Breytt fyrirkomulag verður við úthlutun plássa í ár, en 45 prósent þeirra fara til nýnema sem búa í nágrenni skóla, uppfylli þeir inntökuskilyrði.

Það fyrirkomulag hefur verið nokkuð gagnrýnt og fullyrðir Pressan að lögmaður kanni nú hvort hverfaskiptingin verði kærð, enda sé hvorki kveðið á um hana í lögum né reglugerð.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að þegar horft sé til þess að landið sé eitt innritunarsvæði og fræðsluskyldunnar, en nú eiga allir undir 18 ára aldri rétt á skólavist í framhaldsskóla, hafi ekki verið hjá því komist að byggja að einhverju leyti á því að nemendur ættu forgang eftir búsetu í almennt nám. Það sé málefnalegt og stuðli að því að tryggja öllum skólavist.

Katrín segir að samið sé um verklag við hvern og einn skóla og gert sé ráð fyrir kröfu um að 45 prósent plássa ráðist eftir búsetu í þeim samningum. Fjárveitingar og aðstæður geri það að verkum að ekki sé unnt að verða við öllum óskum og því verði að grípa til einhverra stýrandi aðgerða til að veita öllum skólavist. - kóp



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**
Segir að ekki sé hægt að verða við óskum allra umsækjenda og því verði að grípa til stýrandi aðgerða til að tryggja öllum skólavist.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL










## 40–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGURFATNAÐI

## ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU

### Mikið úrval af hágæða sængurfatnaði á ótrúlegu verði

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárra sængurveraframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.

Outlast









## HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises — Limited warranty to consumers — Replacement or refund if defective

ARGH! 210710

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða íslenska hljómsveit lenti í ofsaveðri á tónlistarhátíðinni G! í Færeyjum í síðustu viku?*

2 *Hver tók við þjálfun karlaliðs KR í knattspyrnu eftir starfslok Loga Ólafssonar á mánudag?*

3 *Í hvaða landi er Kim Jong-Il leiðtogi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Varað við stafrænum eiturlyfjum sem ungmenni sækja á Internetið:

# Óttast vímuhughrif úr MP3-skrám

**UPPLÝSINGATÆKNI** „Stafræn eiturlyf“ sem sækja má á Netið ógna velferð ungmenna, að því er segir á fréttavef News9.com í Oklahoma í Bandaríkjunum.

Þar vestra hafa skólayfirvöld og samtök foreldra áhyggjur af því að ungdómurinn sækir mp3-hljóðskrár með upptökum sem eiga að geta valdið vímuhughrifum ef á þær er hlustað. Neyslan er kölluð I-Dosing. Vísað er til þess að á vefjum á borð við YouTube megi finna fjölda upptaka af ungu fólki að prófa sig áfram með þessa hluti.

Í umfjöllun tímaritsins Psychology Today segir hins vegar að ekki sé ástæða til að hafa af þessu miklar áhyggjur, I-Dosing sé útgáfa af löngu þekktri tækni. Árið 1839 hafi Heinrich Wilhelm Dove uppgötvað að framkalla mætti hughrif með því að láta fólk hlusta á tvo stöðuga tóna á mismunandi tíðni, hvorn með sínu eyra. Það virðist fólki sem það hlusti á hraðgengan takt.

Tæknin mun hafa verið hent á lofti af ýmsum „gervivísindum“ þótt hún hafi líka verið notuð af læknum til að fást við svefntruflanir, rannsaka heyrn og við kvíðaröskun.

Í umfjöllun Psychology Today segir að meira vafamál sé hvort upptökur þessar geti aukið framleiðslu dópamíns hjá þeim sem hlustar og litlar líkur séu á að setja þurfi hljóðskrár þessar í flokk með eiturlyfjum. **- óká**



**EYRNAKONFEKT** Fjölmiðlar beggja vegna Atlantsála greina nú frá því að ungmenni reyni nú að komast í vímu með hljóðskrám. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ný tilraun í S-Afríku:

## HIV-smitum hefur fækkað um 50 prósent

**SUÐUR-AFRÍKA Gel sem inniheldur meðal annars alnæmislyf virðist geta fækkað HIV-smitum meðal kvenna um helming, samkvæmt tilraunum sem gerðar hafa verið í Suður-Afríku.**

**889 konur tóku þátt í tilrauninni, sem tók þrjú ár. Gelið átti að bera á kynfæri innan tólf tíma áður en kynlíf var stundað og aftur innan tólf tíma eftir það. HIV-smitum fækkaði um 50 prósent fyrsta árið en virknin minnkaði eftir það og var 39 prósent yfir árin þrjú.**

**Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Sameinuðu þjóðirnar hafa fagnað niðurstöðunum og segir Alþjóðaheilbrigðisstofnunin að fáist niðurstöðurnar samþykktar verði unnið að því að koma gelinu í almenna dreifingu.** **- þeb**

# Lagt að í nýrri Landeyjahöfn

**Herjólfur fór í gær fyrstu ferð sína í hina nýju Landeyjahöfn. Bæjarstjórn Vestmannaeyja fundaði um borð og bæjarstjórinn líkti ferðinni við tungllendinguna. Reglubundnar áætlunarferðir hefjast í dag.**

**SAMGÖNGUR** Landeyjahöfn var vígð með pomp og prakt í gær, þegar Herjólfur lagði þar að bryggju að viðstöddu miklu fjölmenni. Skipið var fullt og innanborðs var meðal annars bæjarstjórn Vestmannaeyja sem nýtt hafði ferðina til fundarhalda.

Kristján Möller samgönguráðherra hélt ræðu við opnun hafnarinnar og sagði við það tækifæri að höfnin væri ekki einungis mikið samgöngumannvirki, hún væri mikið þrekvirki.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, líkti ferðinni á milli lands og Eyja við fyrstu tunglferðina, sem farin var árið 1969.

„Núna áðan þegar ég sté frá borði úr Herjólfi og í land hér í Landeyjum er ekki laust við að mér líði eins og Neil Armstrong þegar hann steig fæti á tunglið fyrstur manna. Skref mitt var svo sem ekki stórt en skrefið sem samfélag okkar Eyjamanna er nú að taka er gríðarlegt.“

Áætlunarferðir milli nýju hafnarinnar og Eyja hefjast í dag. Með tilkomu hafnarinnar styttist ferðatími á sjó milli lands og Eyja úr tæpum þremur klukkustundum í rúmar 30 mínútur. Samtals styttist því ferðatíminn milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur úr fjórum klukkustundum í tvær og hálfa.

Hafnargerðin í Landeyjum var boðin út í apríl árið 2008 og hófust framkvæmdir þá um haustið. Kostnaðurinn við framkvæmdirnar var rétt tæpir fjórir milljarðar króna, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Siglingastofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Bryggjan í Bakkafjöru er 70 metrar að lengd, með 10 metra og 15 metra löngum göflum. Hún er varin með tveimur brimvarnargörðum en hafnarmynnið er 90 metrar á breidd og um 600 metrum utan við ferjubryggjuna.

kolbeinn@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is



**FÖGNUÐUR** Mikill fögnuður braust út hjá áhorfendum þegar Herjólfur sigldi inn í Landeyjahöfn og lyfti stefni sínu. Fjöldi manns var samankominn eystra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**ÚTSÝNI** Glæsilegt útsýni er úr Landeyjarhöfn, ekki síst á góðviðrisdögum. Herjólfur á skamma siglingu fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**BEÐIÐ Í OFVÆNI** Stemningin var góð hjá gestum í fjörunni og ljóst að um mikilvægan atburð var að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**GEISTLEGIR GESTIR** Fulltrúar kirkjunnar létu sig ekki vanta og blessuðu þeir höfnina í bak og fyrir þegar Herjólfur var lagstur að bryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Ástralskur fjárhundur/ Aussie**



**Til sölu gullfallegir Sólseturshvolpar; tilbúnir til afhendingar.**

Ættbókarfærðir hjá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir, bólusettir og örmerktir.
**Uppl. í síma 691 1962 Kristín.**












Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum og hjá Frímerkjasölunni, Stórhöfða 29, Reykjavík

Sími 580 1050
stamps@postur.is
www.stamps.is

**Ný frímerki**

*Safnaðu litlum listaverkum*

**Á morgun 22. júlí gefur Íslandspóstur út þrjú frímerki tileinkuð eldgosinu á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.**

Frímerkin eru silkiprentuð með mjög fínkorna trakíandesít ösku sem féll undir Eyjafjöllum 17. apríl 2010. Trakíandesít kvikan kemur af um 7 km dýpi, kísilinnihaldið er um 60% og hún er rúmlega 1100°C heit þegar hún kemst í snertingu við jökulhettuna.

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

Kom ekki heim með flugi:

## Konu saknað eftir skilnað

**DANMÖRK** Lögreglan í Danmörku hefur lýst eftir 41 árs gamalli konu sem fór til Bosníu fyrir tveimur vikum og hefur ekki skilað sér heim.

Konan fór frá Danmörku og skildi fjögurra vikna gamalt barn sitt eftir hjá vinafólki. Í Bosníu ætlaði hún að skilja við eiginmann sinn og skildi barnið eftir af ótta við að hann myndi reyna að taka barnið af henni.

Þegar hún kom ekki heim til Danmerkur með áætluðu flugi var farið að spyrjast fyrir um hana. Lögregla segist skoða hvort hún hafi komið til landsins með öðru flugi, en vill ekki segja til um hvort hún telji eitthvað hafa hent konuna. **- þeb**

# 30-40% AFSLÁTTUR

# NÝTT BAÐ

## Eitt flottasta úrval landsins

**EININGARKERFI Í STÆRÐUM 30,40,60 og 80 sm**



Hvítt háglans 162 x 48 sm



122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm

til afgreiðslu af lager



HVÍTTUÐ EIK 120 x 48 sm



HLYNUR 120 x 48 sm



104 Hvítt 122 x 48 sm



TONA HNOTA, TEKK og SVART LAKK



104 Epli 120 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## Góðar fréttir fyrir Ameríkufara

# NEW YORK UM KRING!



**Bókaðu núna!**

Áætlunarflugi okkar til New York hefur verið einstaklega vel tekið af íslenskum ferðalöngum og því höfum við ákveðið að bjóða flug til þessarar stórkostlegu heimsborgar allt árið um kring. New York er nefnilega þannig borg að hún er alltaf jafn spennandi, sumar, vetur, vor og haust.

**Bókaðu flug á betra verði til New York hvenær sem þú vilt fara. Þú klárar málið á www.icelandexpress.is!**



## New York frá:

# 24.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.



Sept. og okt.
4 x í viku

Flug í vetur
3 x í viku

www.icelandexpress.is

Fiton/SÍA

# ALLT ÁRIÐ

IEX ♥ USA

## Þægilegur og vel tengdur flugvöllur

| Tengiflug til/flug á dag | |
|---|---|
| Orlando | 23 |
| Miami | 15 |
| Chicago | 41 |
| Las Vegas | 14 |
| Los Angeles | 18 |
| Boston | 19 |
| Houston | 13 |
| Seattle | 16 |
| San Francisco | 20 |
| Toronto | 19 |
| Vancouver | 8 |
| Quebec | 4 |

Frá Newark-flugvelli finnurðu tengiflug til allra átta, innan Bandaríkjanna sem utan. Flugvöllurinn er nýlegur, afar vel skipulagður og allar aðstæður eru eins og best verður á kosið. Hann er frábærlega staðsettur og tekur aðeins um 30-35 mínútur að komast á Manhattan. Einnig er **fjölbreytt úrval af flugvallahótelum** í grennd, s.s. Marriott Hilton, Sheraton og Best Western. Á vefnum okkar finnurðu fjöldann allan af hótelum í nágrenni við Newark-flugvöll en einnig geturðu haft samband í síma **5 500 600** – við hjálpum þér að finna rétta hótelið!








## Orlando í október

Í október ætlum við að fljúga til Orlando í Flórída. Það er frábært að vera í Orlando á haustin og er borgin afar fjölskylduvæn. Stutt á ströndina og heimsókn í SeaWorld og Disney World er ógleymanleg fyrir alla fjölskylduna. Það er einfaldlega ekki hægt að láta sér leiðast í Orlando. Fjöldi fluga til Orlando er takmarkaður svo þú skalt bóka flug sem allra fyrst.



**Iceland Express**

með ánægju

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Foreldrar, skóli og staðalímyndir kynja:

## Stríðsmenn og pinsessur

Það er vandi að ala upp börn. Ekki síst í samfélagi sem er í sífelldri þróun og viðhorf sem voru viðtekin í gær standast ekki kröfur okkar í dag. Gera verður ráð fyrir að þorri foreldra leitist við að búa börn sín undir að takast á við jafnveigamikil verkefni í lífinu, óháð kyni þeirra.

Þó hefur gengið heldur illa að takast á við staðalímyndir kynja og hjálpast þar margt að. Til boða stendur endalaus varningur sem stílaður er inn á hvort kyn fyrir sig. Foreldrar og aðrir sem þykir vænt um börnin og vilja ekkert nema það besta fyrir þau gá ekki að sér og kaupa þetta dót.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Hér áður var þetta einfaldara, bílar fyrir drengi og brúður fyrir stúlkur; leikföng sem endurspegluðu þann veruleika sem talinn var bíða barnanna. Nú er það að stefna flestra, að minnsta kosti í orði, að búa börn sín undir fulla þátttöku bæði í atvinnulífi og störfum sem snúa að fjölskyldu og heimili. Þó er skiptingin á leikfanga- og barnavörumarkaðinum orðin mun umfangsmeiri en áður var, vissulega í samhengi við öran vöxt markaðar með barnavarning alls kyns.

Fyrir drengi eru í boði margháttuð vopn. Sömuleiðis karlar sem eru færir um að fremja illvirki svo dæmi séu tekin. Stúlkum er meðal annars boðið upp á prinsessuvarning og snyrtivörur. Þessi andi endurspeglast einnig í stórum hluta þess fatnaðar sem falboðinn er fyrir börn. Þetta kann að virðast saklaust en á þó sinn þátt í því að móta kynhlutverk barnanna; drengir eru gerendur og mega jafnvel samsama sig með hálfgerðum eða algerum illvirkjum. Hlutverk stúlknanna er að vera sætar prinsessur.

Skörin er svo farin að færast verulega upp í bekkinn þegar grunnskólinn býður upp á valnámskeið fyrir unglinga þar sem ýtt er undir gömlu staðalímyndirnar. Í markmiðsgrein grunnskólalaga segir meðal annars að hlutverk grunnskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Meðal þess sem móta á starfshætti grunnskólans er jafnrétti og virðing fyrir manngildi. Þá skal grunnskólinn stuðla að víðsýni og efla skilning nemenda á íslensku samfélagi, auk þess sem grunnskólinn skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda.

Líklega var fátt af fyrrnefndu ofarlega í huga þeirra sem bjuggu til námslýsingu valnámskeiða á unglingastigi í grunnskólanum á Álftanesi þar sem kenna átti það sem kallað var „helstu áhugamál“ bæði drengja og stúlkna. Í stelpuvali átti að kenna hvað væri í tísku og spá í fatnað, skó, liti, förðun og heilsu. Þá átti að skoða hvað fræga fólkið bæði hér á landi og erlendis væri að gera. Þar voru kennslugögn slúðurblöð og netið. Í strákavali var viðfangsefnið úrslit helgarinnar, bílar og bílaíþróttir og tækni og vísindi. Rétt er að taka fram að til stóð að kenna hluta stráka- og stelpuvalsins saman og ræða þar um ólík viðhorf og áhugamál kynjanna.

Það er vissulega hollt fyrir ungmenni að velta þeim málum fyrir sér en í grunnskólanum fer betur á því að setja þá umræðu í samband við uppbyggilegra námsefni en það að skerpa á stöðnuðum staðalímyndum um það hver séu áhugamál pilta og stúlkna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill
fyrir íslenskar
aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

79.900
FULLT VERÐ 95.000

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óheppilegt

Landeyjahöfn var vígð í gær. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sagði þá að þegar hann steig á land í Landeyjum hefði honum liðið eins og geimfaranum Neil Armstrong og líkti þessari samgöngubót við það þegar maðurinn tók sín fyrstu skref á tunglinu. Þetta er dálítið stórtæk samlíking en líka óheppileg. Eftir að samgöngur komust á við tunglið árið 1969 var flogið þangað nokkrum sinnum í viðbót, þar til það þótti ljóst að þangað væri ekkert að sækja og tunglferðir lögðust af. Það rímar trauðla við framtíðarsýn Eyjamanna.

### Evrópa og Ísland

Evrópuvaktin birtir fréttir um að ungir bændur séu að hverfa í Evrópu. Einungis sjö prósent bænda þar eru undir 35 ára aldri. Ekki fylgdi fréttinni hversu hátt hlutfall bænda á Íslandi er undir þeim aldri. Hitt er vitað að bændastéttin á Íslandi hefur lengi glímt við litla nýliðun; fyrir fjórum árum var meðalaldur bænda hér á landi 52 ár.





### Hlekkurinn

Eins og kunnugt er klufu þrír þingmenn sig úr Borgarahreyfingunni fyrir ári og mynduðu Hreyfinguna. Keðjan á milli þessara stjórnmálaafla virðist þó ekki alveg slitin og hangir saman á Finnboga Vikari Guðmundssyni. Hann ritaði grein í Fréttablaðið í gær um rækjuveiðar og titlaði sig sem fulltrúa Hreyfingarinnar og Borgarahreyfingarinnar í starfshópi um endurskoðun á fiskveiðistjórnun. Finnbogi hefur komið víðar við í pólitíkinni og leiddi meðal annars lista VG í Hveragerði í sveitarstjórnarkosningum 2006.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lykill að nýjum tækifærum


Landeyjahöfn



Ísólfur Gylfi Pálmason

sveitarstjóri Rangárþings eystra


Í dag verður tekin í notkun Landeyjahöfn en hún er í rauninni lykill að nýjum tækifærum og samvinnu milli Rangárþings og Vestmannaeyja. Loks verður höfn við suðurströndina að veruleika á okkar svæði.

Mörgum þótti þingsályktunartillaga Árna Johnsen fjarlæg þegar hann lagði hana fram á Alþingi og ég er stoltur af því að hafa verið einn af samflutningsmönnum Árna að þessari tillögu. Þingsályktunartillagan var samþykkt og nú er Landeyjahöfn orðin að veruleika með hjálp samgönguráðuneytisins, Siglingamálastofnunar og margra færra sérfræðinga og verklaginna snillinga. Um leið og höfnin opnar nýja og spennandi samgönguleið til og frá Vestmannaeyjum tengir höfnin Rangæinga og Vestmannaeyinga enn sterkari böndum en alla tíð hafa verið sterk tengsl milli þessara byggða. Margir Vestmannaeyingar eiga rætur sínar í Rangárþing og Rangæingar fóru gjarnan á vertíð til Vestmannaeyja og opnaði það bændum og bændasonum nýja sýn, um leið og þeir færðu björg í bú. Hér var um ákveðna manndómsvígslu að ræða ekki síður en smalamennsku í fjallferðum á haustin í gamla daga.

Það má segja að Landeyjahöfn sé lykill nýrra tækifæra bæði hér uppi á landi og í Vestmannaeyjum. Hér opnast nýjar víddir fyrir víðtæka samvinnu þessara byggðalaga. Landeyjahöfn er glæsilegt mannvirki þar sem margir hafa lagt hönd á plóginn. Það er ánægjulegt að aðalverktaki hafnarinnar sjálfrar er fyrirtækið Suðurverk sem er í eigu Dofra Eysteinssonar en lagður var grunnur að velgengni þessa dugnaðarforks þegar hann, barnungur maðurinn, var einn þeirra sem gróf fyrir vatnleiðslunni til Eyja á sjöunda áratugnum og enn er Dofri að þrátt fyrir ýmiskonar kollsteypur verktakafyrirtækja á Íslandi. Verkið lofar svo sannarlega meistarann og alla þá meistara sem komið hafa að þessari þörfu og merkilegu framkvæmd. Það er ósk mín og annarra Rangæinga að blessun fylgi þessari framkvæmd og æðri máttarvöld verndi þá fjölmörgu sem eiga eftir að nýta sér þennan samgöngumáta og þau mannvirki sem nú hafa litið dagsins ljós íbúum Rangárvallasýslu, Vestmannaeyja og landsmönnum öllum til heilla. Mjög brýnt er að koma strax upp smábátahöfn við þetta myndarlega mannvirki því tilkostnaður er til þess að gera lítill meðan vinnuflokkar og vinnuvélar eru enn að störfum við hafnarmannvikrið. Þannig nýtast þessi mannvirki enn betur og þeir fjármunir sem varið hefur verið til verksins.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Óskýrar leikreglur

**Gengistryggð lán**

Bjarni Gunnarsson
verkfræðingur



Óskýrar leikreglur eru að hrjá íslensku þjóðina á öllum vígstöðvum þessar stundirnar. Ber þar fyrst að nefna að allt fjármálakerfið er í uppnámi vegna þess að gengistryggð lán voru talin lögleg og dæmd ólögleg í héraðsdómi og svo dæmd ólögleg í Hæstarétti. Þarna tel ég að lög nr. 38 frá 2001, „Lög um vexti og verðtryggingu", séu óskýr þar sem stendur að „heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé sé grundvöllur verðtryggingar vísitala neysluverðs". Þarna þurfti að grafa upp „anda laganna" til að skilja að öll önnur trygging sé óheimil samkvæmt lögunum. Af hverju stóð þá ekki í lögunum að EINUNGIS væri heimilt að verðtryggja með neysluvísitölunni?

Önnur nærtæk dæmi um óskýrar leikreglur er greiðsluþátttaka Landsvirkjunar í skipulagsmálum svæða við mögulega virkjunarstaði í Neðri-Þjórsá, kæra á útboði Landsvirkjunar á virkjunarframkvæmdum við Búðarháls, kæra á útboði Vegagerðarinnar á vegaframkvæmdum á Suðurlandsvegi og síðast en ekki síst Magma-málið.

Klúðrið með gengistryggðu lánin er rétt að byrja burtséð frá því hvernig þau verða reiknuð í uppgjöri aðila, því allir þeir sem hafa misst fyrirtæki sín, bíla eða aðrar eignir íhuga nú stöðu sína og munu leita leiða til að fá leiðréttingu mála sinna.

Varðandi óskýra dóma, þá vil ég nefna títtnefndan Hæstaréttardóm nr. 153/2010, Lýsing gegn Jóhanni og Trausta þar sem stefndu, Jóhann og Trausti, voru sýknaðir af kröfum stefnanda, Lýsingar. Þar stendur í kafla III í dómi héraðsdóms (sem var staðfestur af Hæstarétti) að „tenging skuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla telst því til verðtryggingar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001". Síðar segir í kafla III: „Grundvöllur verðtryggingar samkvæmt samningi aðila, þ.e. ákvæði 4. og 7. gr. samningsins um gengistryggingu, er því í andstöðu við VI. kafla laga 38/2001 og því ógild." Síðasta afgerandi setningin í dómnum hljóðar svo: „Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni." Þarna finnst mér, ólögfróðum manninum, augljóst hvað þessi dómur segir, nefnilega að ólögleg gengistrygging telst til verðtryggingar í skilningi VI. laga nr. 38/2001 og því hljóta þessi gengistryggðu lán sem þeim sem Hæstiréttur fjallaði um í dómi nr. 153/2010 að vera verðtryggð og að á þau falli samningsvextir lánanna. Þessa niðurstöðu tel ég enda vera eðlilega og sanngjarna í stöðunni og ekki er hægt að segja að hún sé viðkomandi neytendum í óhag þar sem þeir eru að borga u.þ.b. helmingi lægri vexti af þessum lánum miðað við meiri hluta landsmanna sem tóku „lögleg" verðtryggð lán á sínum tíma.

Þar sem útreikningar þeir sem sýndir hafa verið varðandi gengistryggðu lánin og mismunandi uppgjör þeirra eru óljósir, vil ég hér sýna hvernig 10 m.kr. kúlulán tekið í júní 2007 lítur út í júní 2010:

Gengistryggt lán (50% svissneskir frankar og 50% jen) með 3,5% vöxtum stæði í 27,5 m.kr.

Samkvæmt túlkun flestra sem tóku þessi gengistryggðu lán stæði lánið í 11,1 m.kr., þ.e. það væri ótryggt með 3,5% vöxtum.

Samkvæmt því sem ég tel að dómur nr. 153/2010 segi, þá stæði lánið í 14,9 m.kr, þ.e. verðtryggt með 3,5% vöxtum.

Lánakjör sem meirihluti landsmanna býr við, þ.e. verðtryggingu og áætlaða 7% meðalvexti reiknast til að standa í 16,4 m.kr.

Á þessum samanburði sést hversu háar upphæðir liggja hér undir og finnst mér persónulega jafn óréttlátt að svona kúlulán standi annars vegar í 27,5 m.kr og hins vegar í 11,1 m.kr.

En þetta mál verður óleyst fram á haust, og þá er að vona að dómur komi fram sem verður ekki óskýr.

# Sömu mistökin aftur?

**Framlög til kvikmyndagerðar**

Björn B. Björnsson
kvikmyndaframleiðandi



Við gerð síðustu fjárlaga gerðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjárlaganefnd alvarleg mistök þegar framlög ríkisins til kvikmyndasjóða voru skorin niður um 250 milljónir króna.

Ætlunin var að lækka útgjöld ríkisins en ný rauð skýrsla um fjármögnun íslenskra kvikmynda sýnir ljóslega að tekjur ríkisins lækkuðu a.m.k. jafn mikið niðurskurðinum. Sparnaðurinn var því minni en enginn – en skaðinn verulegur.

Samkvæmt rauðu skýrslunni hefði kvikmyndaframleiðsla á Íslandi verið um 1600 milljónum króna meiri á þessu ári ef niðurskurðurinn hefði ekki komið til. Þessar kvikmyndir hefðu fengið um 100 milljónir króna í endurgreiðslu frá iðnaðarráðuneytinu (til viðbótar við þær 250 sem komið hefðu úr kvikmyndasjóðum) svo þessi fjárfesting ríkisins í kvikmyndaiðnaðinum hefði numið 350 milljónum króna.

Launaskattar af þessari starfsemi hefðu numið 360 milljónum eða aðeins hærri upphæð en framlög ríkisins. Eru þá ótaldar aðrar beinar og óbeinar tekjur hins opinbera af þessari atvinnustarfsemi. Sparnaður ríkisins af þessum „niðurskurði" er með öðrum orðum minni en enginn!

Skaðinn sem niðurskurðurinn hefur valdið er hins vegar margvíslegur; í efnahagslegu tilliti höfum við misst af um 600 hundruð milljónum í erlendum fjárfestingum sem þessi kvikmyndaframleiðsla hefði dregið til landsins. Launagreiðslur upp á um 1200 milljónir eru farnar út um gluggann sem jafngildir um 200 störfum. Auk þess mun draga úr landkynningu á næstu misserum því íslenskar kvikmyndir gegna veigamiklu hlutverki á því sviði.

Menningarlegi skaðinn er sá að við höfum nú tapað tveimur íslenskum bíómyndum, fimm til tíu heimildarmyndum og tveimur leiknum íslenskum sjónvarpsþáttaröðum, sem nýlega var farið að framleiða hérlendis – og við höfum ekki sparað eina krónu!

Vissulega kemur niðurskurður kvikmyndasjóða fram sem sparnaður í menningar- og iðnaðarráðuneytum, en tekjutapið í fjármálaráðuneytinu er a.m.k. jafn mikið og því er ekki um neinn sparnað að ræða – aðeins fjárhagslegan og menningarlegan skaða.

Við fjárlagagerð á Írlandi á síðasta hausti gerði ríkisstjórnin þar tillögu um mikinn niðurskurð til kvikmyndasjóða líkt og gert var hér á landi. Munurinn er sá að þar á bæ var þingnefnd falið að skoða málið og niðurstaðan var sú að hætt var við að skera kvikmyndasjóðina niður eins og tillagan gerði ráð fyrir.

Á Íslandi var hins vegar flanað út í þennan „niðurskurð" að óathuguðu máli með hörmulegum afleiðingum fyrir atvinnugrein sem getur skilað þjóðarbúinu góðum tekjum og skapað skemmtileg störf við framleiðslu á íslenskum menningarafurðum.

Rauða skýrslan sýnir staðreyndir málsins svart á hvítu svo spurningin sem við stöndum frammi fyrir núna er þessi: Getur áhugafólk um vitræn vinnubrögð í stjórnsýslunni, unnendur íslenskrar menningar og fólkið sem starfar í kvikmyndaiðnaðinum treyst því að sömu mistökin verði ekki gerð aftur í haust?

Stigar og tröppur til allra verka
MÚRBÚÐARVERÐ




Kletthálsi Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík
Flúðir
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is







HIGH PEAK
Simex Sport

**High Peak Ancona 5 manna**
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm.
Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar.
Hæð 190/200 cm.
Verð 52.990 kr.

**High Peak Como 6 manna**
Tvískipt innratjald með fortjaldi á milli.
Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar.
Hæð 200 cm.
Verð 39.990 kr.

**High Peak Nevada 3 manna**
Sigilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi.
Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar.
Hæð 120 cm.
Verð 16.990 kr.



Uppsett tjöld til sýnis alla virka daga frá kl.10-17.

Meiri upplýsingar um úrvalið á www.utilif.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50916 07/10

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# Ótti við breytingar

Fangelsismál

Sigurlaug Ingólfsdóttir
stofnandi Kærleikssamtakanna



Hér langar mig að fjalla um fanga með einangrun, refsingu og betrun í huga. Þegar ég var með vikuleg sjálfstyrktarnámskeið á Litla-Hrauni 2008-2009 þá ræddi ég við fjölda einstaklinga sem þar afplánuðu. Fékk ég einhverja innsýn inni í aðstæður þeirra en að auki fékk ég aðra sýn á fangelsismál en almenningur hefur almennt.

Sem starfandi heilari með mikinn áhuga á mannlegum samskiptum og velferð fólks sem og heilsu þess fór ég af stað með námskeiðin á Litla-Hrauni. Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í eða hvernig mundi takast til með námskeiðin. Í samtali við sálfræðing Litla-Hrauns og starfsmann á skrifstofu var mér tjáð, eftir lýsingar mínar á námskeiðinu að mikil þörf væri á slíku námskeiði fyrir fanga. Var mér líka sagt að yfirleitt væri lítil þátttaka á þau námskeið sem boðið væri upp á og sem færi yfirleitt minnkandi eftir því sem liði á námskeiðið. Allt stóðst þetta.

Ég hef mikið velt fyrir mér orkunni sem mismunandi hópar eyða í einstaklinga sem eru fangar. Miðað við menntakerfið virðist lítil orka til staðar til að grípa, með uppbyggjandi hætti, inn í líf barna/unglinga þegar ljóst þykir að stefnir í óefni. Barnavernd og lögregla koma þá einnig að í flestum tilvikum en þar byrjar refsikerfið að virka. Miklum tíma er eytt í að reyna að kæfa og bæla niður neikvæða líðan, hugsanagang, tal og hegðun. Þegar það ekki dugar og stefnir í enn frekari óefni hjá einstaklingi sem svo brýtur af sér kemur yfirleitt almenningur inn í af fullum krafti með yfirlýsingar um lengd fangelsisvistar.

Nú er komin fram raunveruleg ástæða til að taka á þessum einstaklingum og refsa þeim réttilega miðað við brot þeirra.

En hvað gerist svo? Einstaklingarnir virðast gleymast um tíma þar til þeir koma aftur út. Allan þann tíma frá því þeir voru krakkar þar til í dag, hafa hóparnir sem að þeim komu með beinum og óbeinum hætti eytt tíma og orku í að sinna EKKI þessum einstaklingum eins og hefði þurft. Þegar þeir losna úr afplánun er aftur næg orka til staðar til að grafa þá uppi, skrifa og fjalla um þá með ýmsum hætti, jafnvel gera almenningi viðvart um hvar þeir halda til.

Hvernig stendur á því að svo lítið fór fyrir jákvæðri orku sem byggir á þolinmæði, trú og náungakærleika á uppvaxtarárum þessara einstaklinga? Allt í einu í fangelsinu gera sérfræðingar og starfsfólk sér grein fyrir vanlíðan, fíknarástandi, þunglyndi o.fl. sem margir fangar glíma við. Af hverju ná sérfræðingar menntakerfisins, barnaverndar og lögreglu ekki að snúa dæminu við áður en einstaklingar lenda í fangelsi? Af hverju er kerfið máttvana þar til hægt er að refsa, og hefur þá bæði orku og peninga til að grípa inn í ástandið?

Breytingar geta eingöngu átt sér stað ef einhver þorir að gera þær. Engar breytingar eiga sér stað þar sem óttinn kraumar. Því liggur frekar ljóst fyrir að hóparnir sem hindra að breytingar eigi sér stað eða forðast breytingar, eru óttaslegnir.

Hvað óttast fangar, hvað óttast aðstandendur, hvað óttast Fangelsismálastofnun, hvað óttast almenningur, hvað óttast menntakerfið, barnavernd og lögreglan? Samhliða ótta verða menn að halda andlitinu og því eru fæstir tilbúnir að viðurkenna að þeir óttist eitthvað. Sameiginlegt vandamál hrjáir alla hópana – það sem menn þekkja veitir öryggi, sama hversu neikvætt það er, því við vitum hvað gerist, hvenær og hvernig.

> Af hverju ná sérfræðingar menntakerfisins, barnaverndar og lögreglu ekki að snúa dæminu við áður en einstaklingar lenda í fangelsi?

Kynning á námskeiði fyrir einstaklinga sem bíða afplánunar eða hafa lokið afplánun og þora að mæta verður haldinn í Síðumúla 35, 2. hæð, kl.18.00, fimmtudaginn 22. júlí. Verið velkomin.

Þeim sem vilja auka velferð fólks í samfélaginu, hvort sem er þeirra eigin og/eða annarra, er bent á Kærleikssamtökin, www.kaerleikssamtokin.com til að leggja þeim lið á þann hátt sem hver og einn er fær um eða bara til að njóta þess sem þar er boðið upp á. Kærleikssamtökin eru með nytsamlegt úrræði í boði fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Einnig er bent á síðustu grein mína, „Fangelsismál á Íslandi – hvert stefnir?“, sem hægt er að lesa á heimasíðu samtakanna.




# Meira „orðaskak“ um málfar

Íslenskt mál

Þorgrímur Gestsson
blaðamaður og rithöfundur



Vegna greinar minnar í Fréttablaðinu 14. júlí sl. gerir Ásgrímur Angantýsson nokkra grein fyrir þeim mörkum á milli rétts máls og rangs, sem hann kýs, í nafni menntunar sinnar, að miða við. Ég kann honum þökk fyrir þessa greiningu og er sammála henni að mestu leyti.

Þó felli ég mig ekki við að „spáðu í því“ sé viðurkennd málvenja, ekki frekar en til að mynda „ég vill“ þótt sú málnotkun sé orðin allútbreidd.

Verra þykir mér að sitja undir þeim ummælum Þórs Stefánssonar í Fréttablaðinu 15. júlí að greinar mínar innihaldi „orðaskak“ sem einkennist af „hneykslun á vondu og röngu máli annarra“.

Grein Þórs lýkur á því að hann lýsir því sem sinni skoðun að betra sé „að ræða málin af skilningi heldur en að ganga fram með boð og bönn“. Mér skilst að sú sneið sé mér ætluð, og þykir mér hart að sitja undir slíku rakalausu ámæli. Ég verð þó að viðurkenna að ég skil ekki alveg hvað greinarhöfundur er að fara þegar hann nefnir „boð og bönn“ í þessu samhengi. Það lyktar satt að segja óþægilega af málfarslegri frjálshyggju. Eða á ekki að skilja það þannig að maðurinn telji að engar reglur megi gilda um tungumálið?

Önnur merkileg fullyrðing í grein Þórs er: „Einn meginkraftur tungumálsins miðar að einföldun þess.“ Þetta er í samræmi við hið nýja sjónarmið, að tungumálið eigi að breytast frjálst og án hafta. Barátta gegn einföldun tungumálsins og vaxandi orðafátækt, hlýtur þá að teljast bera vitni um „staðnaðan hugsunarhátt“ og „bókstafstrú“.

Vissulega hefur íslenskan breyst talsvert á þeim 1100 árum sem landið hefur verið byggt og hún er enn að breytast. En þó eru breytingarnar ekki meiri en svo að sæmilega læst, íslenskumælandi fólk getur lesið 800 ára gamla texta, sem er meira en margar aðrar þjóðir geta státað af.

Þór nefnir einnig í grein sinni flámælið, „sem vel hefur gengið að útrýma úr íslensku“. Þar eiga víst við „boð og bönn“. Ég tel hins vegar að barátta Björns Guðfinnssonar gegn flámælinu um miðja síðustu öld hafi valdið óbætanlegum spjöllum á íslensku máli, en hann vildi sem kunnugt er koma á samræmdu, íslensku talmáli en varð ekki ágengt í því. Þessi framburður, sem tókst næstum því að útrýma, er ævaforn og finnst einnig í ýmsum norskum mállýskum, sem bendir eindregið til þess að hann hafi þekkst í hinni fornu, norrænu tungu.

Þeir sem hafa lesið texta frá fyrri öldum, til að mynda 16. og 17 öld, sem ritaður var löngu áður en samdar voru samræmdar ritreglur og hver ritaði í samræmi við sinn eigin framburð, vita að þá var flámæli algengt. Í *Íslenzku fornbréfasafni* er kaupbréf fyrir jörðinni Fljótshólum frá árinu 1547. Þar stendur meðal annars: **„Skildizt þad og faldizt vndir þessu þeirra handabande ad fyrnefnder brædur Arnor oc finnur [svo] selldu adurgreindum Herra Gizure iaurdina alla fliotzhola...“**

Um það bil öld síðar kvað síra Hallgrímur Pétursson í upphafi *Passíusálma*: **Ljuffann Jesum til lausnar mier, langade vijst ad deya hier / mig skyllde og lista ad minnast þess, mynum drottne til þacklætess.** (JS 337 4to)

Flámæli var algengt fram yfir miðja síðustu öld á stórum hlutum landsins, aðallega Suðurnesjum, Austur-Skaftafellssýslu og Austfjörðum, en er nú því miður að mestu horfið.

Að lokum vil ég vitna í orð málvöndunarmannsins Hallbjarnar Halldórssonar um samhengið í íslenskunni, sem hann skrifaði árið 1944:

*„Sem þjóð höfum vér Íslendingar ekkert annað að gera í næstu þúsund ár en að varðveita íslenzkt mál.*

*Ekkert annað getum vér Íslendingar afrekað, sem aðrir [svo] þjóðir geta ekki vissulega gert jafn-vel eða betur.*“ (Lýðveldishugvekja um Íslenzkt mál – forlátaútgáfa, bls. 46).

Ég vona að með þessu hafi mér tekist að reka af mér það slyðruorð að í umræðu um málfar stundi ég orðaskak í hneykslan minni á vondu og röngu máli annarra.

# Bótanískt útlendingahatur?

Lúpína

Ámundi H. Ólafsson
flugstjóri

Í tilefni forustugreinar Fréttablaðsins 14.6. sl.

Fyrir tæpum 140 árum reyndi Jón Ólafsson ritstjóri að koma til leiðar landnámi Íslendinga í Alaska. Landið var strjálbýlt, í eigu Bandaríkjanna frá árinu 1867. Þarna vildi Jón að Íslendingar yrðu hinn ráðandi þjóðflokkur þessa nýja ríkis Bandaríkjanna. Hugsanlega var þetta síst verri kostur en landnám Íslendinga í N-Dakota, en það hófst skömmu síðar, eða í kringum 1875. Jón talaði ákaft fyrir þessu landnámi, en undirtektir Íslendinga voru daufar, því N-Dakota varð hið fyrirheitna land íslenskra vesturfara.

En sagan endurtekur sig, en þó aldrei eins, því dóttursonur Jóns flutti í staðinn Alaska til Íslands! Alaska aspir Alaska greni og Alaska fura sjá nú um að umlykja þá staði sem áður nutu víðsýns útsýnis. Að auki hylur Alaska lúpína víðtæk svæði í þéttum breiðum. Sá íslenski gróður sem fyrr greri á mörgum þessara svæða hefur lotið í lægra haldi og er þar víðast horfinn.

Þessi nær sextíu ára „nýbúi“ hefur ekki sætt „bótanískum rasisma“. Hinn „bótaníski rasismi“ hefur einkum birst sem tómlæti gagnvart íslenskum gróðri, sem engrar verndar hefur notið gagnvart hinum erlenda gesti.

Að reyna að takmarka útbreiðslu þessa gests getur engan veginn talist „bótanískt útlendingahatur“.

Stuðmenn, sem vitnað er til í ofangreindri grein, gerðu vissulega smellinn texta. En það, að syngja „Við viljum íslenskar jurtir í íslenskri mold“ getur engan veginn tengst „botanísku útlendingahatri“, eins og reynt er að tengja þá við í áðurnefndri forystugrein.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**JÖKULSÁRLÓN** – Árið um kring, eftir Þorvarð Árnason, er ferðabók sem komin er út hjá Opnu. Bókin er gefin út á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og frönsku.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



ÚTSALA

50% afsláttur af allri útsöluvöru

Ríta

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is




Birna fyrir framan húsið sem amma hennar og afi áttu í Newport. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Aftur á æskuslóðirnar

**Birna Reynisdóttir líffræðinemi fór ásamt manninum sínum, Herði Sturlusyni mannfræðinema, til Skotlands í vor. Þau fóru meðal annars til Newport þar sem amma hennar og afi áttu hús þegar hún var lítil.**

„Við erum bæði í háskólanámi og bæði svo lánsöm að hafa sumarvinnu. Við sáum því fram á að fara beint úr fullu námi í fulla vinnu og langaði í smá frí á milli. Við ákváðum því að skreppa út í viku eftir prófin, bara til að breyta aðeins um umhverfi og slappa af,“ segir Birna.

Skotland varð fyrir valinu þar sem Birna hafði verið þar töluvert með afa sínum og ömmu þegar hún var lítil og vinkona hennar býr þar núna. „Við áttum náttúrulega ekkert gríðarlega mikla peninga eftir veturinn en það var allt í lagi því við fengum flugfarið ódýrt á einhverju sólarhringstilboði hjá Flugleiðum. Svo fengum við fría gistingu í þrjár nætur hjá Kristbjörgu vinkonu minni sem er í líffræðinámi eins og ég úti í St. Andrews. Síðan vorum við eina nótt í Edinborg og þrjár nætur á hóteli í Glasgow sem við fengum út á vildarpunkta.“

Frá St. Andrews fóru Birna og Hörður með rútu í dagsferð til Newport þar sem amma hennar og afi áttu hús þegar hún var lítil. „Afi minn og amma bjuggu á Íslandi en áttu lengi hús þarna og voru þar á sumrin. Ég fór í fyrsta skipti með þeim þegar ég var sjö ára og var ein hjá þeim í heilan mánuð nokkur sumur í röð. Það var virkilega gaman að koma þarna aftur og svolítið skrítið. Áður en ég fór hafði ég áhyggjur af því að ég myndi nú kannski ekki finna allt sem mig langaði að sjá aftur því ég hafði engin heimilisföng og amma mín og afi bæði dáin. En um leið og ég var komin á staðinn þá vissi ég nákvæmlega hvert ég átti að fara sem mér fannst mjög merkilegt.“

Birna segir það hafa verið frábært að koma aftur á æskuslóðirnar. „Þegar ég var lítil fórum við alltaf í göngutúra í það sem ég kallaði skóginn, en er kannski ekki skógur nema fyrir tíu ára gömlu barni, en það var einhver svona gömul landareign með litlu vatni og fullt af trjám. Þetta var náttúrulega algjör paradís fyrir stelpu úr Breiðholtinu, að sjá og heyra í alls konar dýrum sem maður átti ekki að venjast og hlusta á sögur af öllu milli himins og jarðar. Mér fannst æðislegt að koma þarna aftur, sjá þetta, finna lyktina og heyra hljóðin. Þessi tími hefur alltaf verið mér gríðarlega kær. Mér þótti líka vænt um að geta sýnt manninum mínum þennan stað og hann skilur kannski betur núna af hverju mér finnst svona gaman að vera í útlöndum,“ segir Birna og hlær.

*emilia@frettabladid.is*




friendtex

ÚTSALA

Af vor og sumarlista Friendtex lista 2010

Þú kaupir 2 flíkur og færð þriðju flíkina FRÍTT með

Sú ódýrasta fylgir frítt með

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum

50% 40%

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

512 54 01 Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...

Er bíllinn klár í ferðalagið?



15% AFSLÁTTUR af vinnu við smur

15% AFSLÁTTUR af fólksbíladekkjum

15% AFSLÁTTUR af jeppadekkjum

DEKK · RAFGEYMAR · BREMSUKLOSSAR · SMURÞJÓNUSTA

PERUR · RÚÐUÞURKUR · ALÞRIF & TEFLONBÓN · SÆKJUM OG SKILUM

Allt á einum stað!

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**PERLURNAR ÞRJÁR** heitir bæklingur sem var að koma út um samnefnt samstarfsverkefni Melrakkasetursins í Súðavík, Selasetursins á Hvammstanga og hvalarannsókna og hvalaskoðunar á Húsavík.

# Landið í gegnum linsuna

**Erlendir ljósmyndarar kunna vel að meta landið okkar og hina margslungnu birtu sem umlykur það. Sérsniðnar ferðir fyrir þá á lokkandi staði eru vaxandi grein innan íslenskrar ferðaþjónustu.**

Einar Erlendsson, sem á og rekur fyrirtækið Focus on Nature, er meðal þeirra sem sérhæfa sig í ferðum um Ísland með erlenda ljósmyndara. Hann er staddur út við Reykjanesvita í glampandi sól þegar haft er samband við hann. „Fólk er búið að stilla upp þrífótum og græjum hér í kringum mig og stendur varla í lappirnar fyrir hrifningu," lýsir hann glaðlega. Í framhaldinu mun leiðin liggja um Fjallabak syðra og nyrðra og austur að Jökulsárlóni með viðkomu í Skaftafelli og víðar. Einar kveðst ekki hafa áhyggjur af veðurspánni. „Það þarf ekki alltaf að vera sól. Við viljum gjarnan hafa smá spennu í lífinu og fá alls konar skýjafar."

Eftirspurn eftir sérsniðnum ljósmyndaraferðum hingað til lands eykst ár frá ári. Það staðfestir Auðbjörg Bergsveinsdóttir hjá Ísafold Travel sem býður líka upp á slíkar ferðir, meðal annars með Hauki Snorrasyni ljósmyndara.

Þetta er þriðja sumarið sem Einar stýrir ferðum af þessu tagi fyrir Focus on Nature. „Fyrsta árið kom lítill hópur, í fyrra komu 22 og í sumar verða þeir rúmlega 60 en ég vil ekki fá of marga, þá missir þjónustan hinn persónulega blæ. Þátttakendur hafa þegar sett fjölda íslenskra mynda inn á vefinn og haldið sex sýningar ytra svo af þessu skapast heilmikil landkynning."

Leiðsögn annast íslenskir ljósmyndarar eins og Guðmundur Ingólfsson eða Ragnar Th. Sigurðsson sem þekkja landið eins og lófann á sér en Einar heldur um alla þræði, sér um mat í fjallaskálum ásamt frúnni en hóparnir gista á hótelum. „Ég höfða til efnaðs fólks og vil ekki pína ferðaþjónustufyrirtækin í landinu," segir hann.



Einar Erlendsson, staddur á Reykjanesinu. Þeir ljósmyndarar sem komið hafa á vegum hans síðustu tvö ár hafa þegar haldið sex sýningar erlendis og sett fjölda mynda á vefinn. MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON



Fólk kepptist við að fanga útsýnið fyrsta daginn sinn í ljósmyndatúr um landið. MYND/EINAR

Flestir ljósmyndaranna sem koma á vegum Einars starfa í Bandaríkjunum sem kennarar og eru af ýmsu þjóðerni. Hann gerir jafnan við þá samning um að halda hér fyrirlestra áður en þeir fara af landinu og 6. ágúst stendur hann fyrir eins dags námskeiði um allt það nýjasta í stafrænni myndvinnslu fyrir lærða jafnt sem leika. Leiðbeinandi þar verður Julieanne Kost.

„Ljósmyndaheimurinn tekur stöðugum breytingum. Á þessari öld hafa orðið til fleiri myndir en frá hellaristunum fram að síðustu aldamótum. Þeir sem skara fram úr eru að kenna og gefa út diska og bækur. Ég komst inn í hjarta þessarar elítu í Bandaríkjunum í gegnum ákveðna kanala," segir Einar sem er samstarfsaðili bandaríska hugbúnaðarfyrirtækisins Adobe. „Fyrst ég er með heimsfræga kennara á landinu þá hef ég þá hugsjón að frá þeim flæði ný þekking inn í íslenskt samfélag."

*gun@frettabladid.is*

Blöndunartæki
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330

RE/MAX
Ég set eignina á mbl.is, vísir.is og remax.is
Ég sýni eignina fyrir þig og fylgi kaupendum eftir.
Skráðu eignina hjá mér og ég sel hana.
Hringdu núna
699 5008
Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008

Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
kr.15.990.- viðbótareining kr. 10.527.-
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Útileguhelgi Ferðafélags barnanna
helgina 23 júlí – 25 júlí
Ferðafélag barnanna hefur sett saman útileguhelgi fjölskyldunnar á Þingvöllum. Mæting kl 18 á föstudagskvöldi og dagskrá lýkur kl 15 á laugardeginum. Fræðsla verður um búnað, þ.m.t bakpoka, tjald, prímusa og farið verður yfir öryggisþætti í samskiptum við náttúruna. Síðast en ekki síst vera leikir, glens, gaman og stuttar gönguferðir í boði.
Þátttökugjald er 10.000 krónur fyrir fjölskylduna og skráning er á fb@fi.is eða í síma 568-2533.
Nánari upplýsingar á www.fi.is og www.allirut.is.
Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag Íslands

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TUDOR frístundarafgeymir + Exide hleðslutæki
= Rafmagnað frí... ár eftir ár
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30
Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi



### Flottur bíll
BMW M5 árgerð 2001 Ek. aðeins 98.000 km, 400 hö, sko 2011 18" felgur, leður, filmur, stór skjár, flottur bíll. Ásett verð 3.390 þús, áhvílandi Ca 700 þús, ATH SKIPTI í hjól eða bíl. Uppl. í s. 693 5053.

## Bílar óskast

Vantar lítinn ódýrann fólksbíl á verðb. 200-400þ. T.d Honda Civic eða Suzuki Swift, sjsk. Uppl. í s. 847 5545.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

### ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
óska eftir bíl á 0-150 þús stgr má þarfnast lagfæringa s.691 9374

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

### Corolla, Yaris eða Avensis óskast
Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545

## Jeppar

Toyota Land Cruiser 90 árg. ,97. Stórglæsilegur 38" breyttur bíll. Ek. 189 þús. V. 1.980 þús. S. 825 8423.

Toyota Land Cruiser VX, árg 07, ekinn 64. þús, 8 farþega, sóllúga og krókur. Verð 6,9 þús og skipti möguleg. S. 896 0258

25 ára stúlku utan af landi með 3ára barn vantar 2-3herb íbúð í kópavogi frá miðjum ágúst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s: 8220845 Auður

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Eigum á lager Volvo FM 8x4 vörubíl með grjótpalli. Bíllinn er 400 hestöfl búinn daghúsi, sjálfskiptum gírkassa I-Shift, parabelfjöðrum að framan og aftan, nafdrifum og Volvo engine brake. Pallurinn er úr 8 mm Hardox 400 í botni, 6 mm Hardox 400 í hliðum, lengd 6 m, hliðar 1 m, pallur ber um 14,3 m3, glussaopnun á 400 mm gaflloku. Hafðu strax samband við söluráðgjafa í síma 893 4435 eða 899 3717. Brimborg ehf. Bíldshöfða 6. Reykjavík.

## Mótorhjól



Honda CRF150 2008 árgerð. Geggjuð græja, aðeins notuð í 8 tíma, hjólið er eins og nýtt. Komið með Fat Bar stýri. Verð: 600,000 en á tilboði núna á 520.000 S.8961312



### KAWASAKI ,08 á 590 þús!
Kawasaki KX250F árg 2008 ekið ca 55 klst óbrjótanleg haldföng ný olía gott hjól verð aðeins 590.000 staðgreitt uppl.í síma 861 7600.

Til sölu CAN-AM ROADSTER SPYDER. Eina sinnar tegundar á landinu! M/ öllum aukabúnaði. Nýsk. 06.'09. Ekið 11 þ.km. Ásett V. 3.390þ. kr. Nánari uppl. í S. 892 2260 / 421 2874. Ragnar

## Kerrur



HUMBAUR álkerrur. 13" dekk. Verð frá 165.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126

## Fellihýsi



VW Transporter TDI Diesel 5 gíra, skáður 06 2005. Ekinn 89Þ. 11 manna.Litur vel út. Verð 2480. S: 898 2811.



Til sölu Fleetwood E3 fellihýsi árg. ,07. V. 2.500 þ.- uppl. í s. 896 6199.

Palomino Colt 9 fet. Árg. ,06, fortjald, grjótgrind, og fl. V. 1.300 þús. Uppl. í s. 899 7720.

Til sölu Palamino Colt árg.06 fortjald,sólarsella og fl. Verð 1.300.000,- Sími 844 4046.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

## Til sölu




# FJÁRFESTING SEM STEINLIGGUR

**Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.**

- Graníthellur
- Falleg áferð
- Lengri ending
- Betri fjárfesting
- Góð vörn gegn nagladekkjum

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400 WWW.STEYPUSTODIN.IS

StSt_100427-001


## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ LEIGUVELAR.IS

## Bátar

Til sölu 4m Zodiac með glænýjum Suzuki 15 hö 4-gengis mótor + kerra. Sími 844 0478.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### partabílar.is 770-6400
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Erum að rífa ýmsar gerðir af nýlegum bílum. partatorg@partatorg.is 565 6020

### Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna tilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

### A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




**Túnþökusala Oddsteins**
- Lóðaþökur
- Fótboltaþökur
- Gólfvallargras
- Holtagróður

Steini S. 663 6666
visa/euro




### Garðaþjónusta Reykjavíkur 25% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Beðahreinsanir, Trjáklippingar, garðaúðanir, trjáfellingar, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur S. 777 6799 og Þórhallur S. 772 0864.







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is







### Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður.

### Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

### HELLULAGNIR - LÓÐAGERÐ
Láttu fagmann vinna verkið, yfir 20 ára reynsla, þekking, ráðgjöf og vönduð vinna. Uppl. 771 3030, Trausti.

### Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







### www.smidaland.is
Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.

ÍSLANDSMÁLUN
ÞARF AÐ FARA HUGA AÐ VIÐHALDI Á HÚSINU?
ER KOMINN TÍMI Á AÐ MÁLA?
TÖKUM AÐ OKKUR :
Múrviðgerðir, flotun, múrhúðun, flísalagnir, úti, inni og þakmálun, spörtlun og fleira
Komum og gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
Elías Raben
Múrarameistari
S. 770 3686
eliasraben@gmail.com

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

Smiðir.Tveir vanir smiðir geta bætt við-sig verkefnum. Vanir bæði nýbygging-um og viðhaldi. S:892-2588

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

Nudd S: 844 0253.

## Spádómar




Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu









Til sölu notaðir stólar fyrir veitinga- og kaffihús. Stólarnir eru úr hnotu með leðursessu og baki. 5000 kr. + vsk stk. Hægt er að skoða stólana hjá Rúbín. Uppl. í s. 617 2929.

Nýr Nokia sími, v. 5 þús. og nær ónotaður örbylgjuofn, v. 5 þús. S. 841 0155.

## Gefins

Garðslöngur óskast gefins. Uppl. í S. 565 8022

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Vantar stóra þeytivindu. Má vera biluð. Uppl. í S. 847 5545

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Óska eftir 2x4 og 1x6 á góðu verði. sími 8472464 eða parketlagnir @ internet.is

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



NUDDPOTTAR F.HITAVEITU Bjóðum bestu gæðin á góðu verði www.oskarsson.is 566 6600.

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ölöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Svört dvergschnauzer tík til sölu, 12 vikna gömul. Yndisleg, ljúf og góð. Ættbók frá Hrfí. s: 8996555 www.kolskeggs.is kolskeggs@kolskeggs.is

## Ýmislegt




Heitur pottur Caldera Tahitian 6 manna heitur pottur árg. 2007 litur Merlot utan Champagne opal innan. Endurnýjaðar og yfirfarnar dælur. Nývirði 11-1.300.000 Söluverð 500.000 stgr. Uppl. 857 4919 eða helgi@skipstjori.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

2 herb. miðb. Rvk. 60fm. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 80 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, V.32 þ. og líka 45 þ. og 50þ. S. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðb.sv. þar sem hægt er að vera með hund. Er 33 ára karlmaður, reyklaus og reglusamur og í góðri vinnu. S. 847 2323

**Reykjavík-Gran Canary**
100 m2 fullbúin íbúð á svæði 110 Reykjavík í skiptum fyrir sambærilegt húsnæði á Cran Canary. Tímabil frá 1 sept. n.k. til 1 april 2011 eða eftir samkomulagi. Frekari uppl. dan@islandia.is eða 892-1474.

Mæðgin óska eftir 3ja herb.íbúð á sv. 101 eða 105. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 616 8008 Lovísa

## Sumarbústaðir

Kiðjaberg. Glæsilegt heilsárshús við Kiðjaberg til sölu. Stærð 140 fm + kjallari. Möguleiki á góðum leigutekjum. Nánari uppl. veittar áhugasömum í síma 660-4088.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 9000 per nótt. S. 824 6692.

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Kristófer í s. 551 4430**

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf á vaktir. Einnig vantar kvöld og helgar starfsfólk. Uppl. á netfang milano@internet.is

Fjölsk í Kóp óskar eftir manneskju til að gæta drengja 13 og 6 ára á kvöldin og um helgar. Gott væri ef viðk gæti aðst við heimalærdóm. Uppl herdisf06@ru.is.

Nýtt veitingahús og verslun á Suðurlandi vantar kokk, þjóna og afgr.fólk til starfa. S. 696 9696

Starfsfólk óskast í hlutastarf við þrif á hótelíbúðum í miðbæ Rvk. Vinnut. frá 10-15. Uppl. í s. 897 4912 milli kl. 10-13 eða á larus@simnet.is

**Starfsfólk óskast!**
Starfsfólk óskast á nýjan og skemmtilegan stað á laugarveginum. Bæði í eldhús og sal. Reynsla og reiprennandi íslensku kunnátta skilyrði. hafið samband í s:698 8698 á milli 9 og 17 miðvikudag og fimmtudag.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**

**Opið þegar þér hentar.**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Hákon Arnórsson**

leirkerasmiður, Sléttuvegi 21,

lést fimmtudaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á FAAS samtök alzheimersjúklinga.

**Ingibjörg Betúelsdóttir**
**Kristinn Sigurðsson** **Friðsemd Helgadóttir**
**Sigrún Gerður Sigurðardóttir** **Pétur Jónsson**
**Sigurður Ásgeir Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Systir okkar, mágkona og frænka,*

**Magnúsína Kristín Jónsdóttir**

frá Efri-Engidal, Ísafirði,

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar föstudaginn 16. júlí. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju fimmtudaginn 22. júlí klukkan 14.00.

**Jón Jóhann Jónsson** **Ásta Dóra Egilsdóttir**
**Halldór Jónsson** **Guðný Indriðadóttir**
**Magdalena Jónsdóttir** **Ögmundur Einarsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Magnússon**

Ljósulind 2, Kópavogi,

lést föstudaginn 16. júlí á krabbameinsdeild Landspítalans. Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 27. júlí klukkan 13.00.

**Þuríður Gísladóttir**
**Arnar Jónsson** **Helga Þórdís Gunnarsdóttir**
**Rögnvaldur Örn Jónsson** **Jóna Björg Olsen**
**María Björk Jónsdóttir** **Sveinn J. Kjarval**
**Brynjar, Arndís, Hilmar, Selma og Róbert.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og sonur,*

**Gunnar Levý Gissurarson,**

Birkihlíð 16, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. júlí klukkan 13. Við þökkum fjölskyldu og vinum hlýhug og stuðning á þessum erfiðu tímum, sérstakar þakkir öllum þeim sem önnuðust hann af alúð og virðingu í veikindum hans. Þeim, sem vilja minnast hans, er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Hulda Kristinsdóttir**
**Eva Björk Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Gunnarsdóttir**
**Gissur Örn Gunnarsson**
**Kristinn Már Gunnarsson**
**Bryndís Guðmundsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Ástkær eiginmaður minn og bróðir,*

**Steindór Guðmundsson**

bóndi, Egilsstöðum, Ölfusi,

sem lést á Landspítalanum 16. júlí, verður jarðsunginn frá Kotstrandarkirkju föstudaginn 23. júlí kl. 14.00.

**Hólmfríður Oddbjörg Haraldsdóttir**
**Jónína Guðmundsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Karlsson**

Vopnafirði,

lést á heimili sínu, Skógum 2, mánudaginn 12. júlí. Útför hans fer fram frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 24. júlí kl. 11.00.

**Áslaug Sveinsdóttir** **Heimir Helgason**
**Karl Sveinsson**
**Sveinn A. Sveinsson** **Sara Jenkins**
**Guðrún Sveinsdóttir** **Svanur Aðalgeirsson**
**og afabörnin.**



*Bróðir minn,*

**Jóhann Gunnarsson**

netagerðarmaður,

lést á Landspítalanum 19. júlí sl. Útförin verður frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 27. júlí kl. 13.00.

**Guðmundur Gunnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Agnes Marinósdóttir**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 15. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Marinó Kristinsson**
**Helga Kristinsdóttir.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Emelía Brynjólfsdóttir, Emma,**

Bugðulæk 15, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 27. júlí kl. 13.00.

**Halldór Gunnar Stefánsson**
**Sigrún Halldórsdóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**Bryndís S. Halldórsdóttir** **Sigurður E. Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ERNEST HEMINGWAY FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1899**



*„Allar góðar sögur eiga það sameiginlegt að vera sannari en ef þær hefðu raunverulega gerst.“*

***Rithöfundurinn Ernest Hemingway hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1954.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN** Þórður Ægir er úti á vegum Íslensku friðargæslunnar, en starfar sem yfirmaður pólitískra mála á skrifstofu fulltrúa framkvæmdastjóra NATO í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ / KLEMENS

## ÞÓRÐUR ÓSKARSSON TIL AFGANISTANS:

# Reynir að sætta stríðandi hópa

Þórður Ægir Óskarsson sendiherra hefur, á vegum Íslensku friðargæslunnar, tekið að sér starf yfirmanns pólitískra mála á skrifstofu fulltrúa framkvæmdastjóra NATO í Afganistan, sem er Mark Sedwill. Er hann jafnframt staðgengill Sedwills.



**ÞÓRÐUR ÆGIR ÓSKARSSON**

Starf Þórðar mun meðal annars fela í sér ábyrgð á samskiptum og samvinnu við afgönsk stjórnvöld, þing og þingmenn og innlendar og erlendar stofnanir, að því er fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. Þá tekur hann jafnframt virkan þátt í sáttaferli stríðandi fylkinga í landinu og samskiptum við nágrannaríkin, einkum Pakistan. **- sh**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir*

**Vilborg Pétursdóttir**

Skjólbraut 9a, Kópavogi

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 19. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Kristinn Haraldsson**
**Pétur Steinn Sigurðsson** **Jóhanna Eysteinsdóttir**
**Haraldur Kristinn Sigurðsson** **Jóhanna L. Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Dagmar Oddsteinsdóttir,**

Fífuhvammi 11, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 16. júlí. Útförin auglýst síðar.

**Erlendur Kristjánsson**
**Oddný Erlendsdóttir** **Guðmundur Hreiðarsson**
**Berglind Erlendsdóttir Arnsdorf** **Denis Arnsdorf**
**Kristján Erlendsson** **Harpa Sigurðardóttir**


VERÐLÆKKUN
Á SUMARVÖRUM
allt að 50% afsláttur
Takmarkað magn í nokkra daga.
Úrval getur verið mismunandi milli verslana.
50% afsláttur
Vnr. 41621580
Borð/stólar
Samanbrjótanlegt 85x133 cm. Blátt, ál og plast.
Fullt verð: 4.990
2.495
50% afsláttur
Vnr. ISP620359
Hlaupahjól
CC SCOOTER ARROW hlaupahjól.
Fullt verð: 8.990
4.495
40% afsláttur
Vnr. 88575008
Badmintonsett
Badmintonsett, 2 spaðar, 3 flugur og net.
Fullt verð: 4.990
2.994
40% afsláttur
Vnr. 41622125
Garðsett
Tveir sólstólar, tveir fótaskemlar og borð.
Fullt verð: 32.990
19.890
23% afsláttur
Vnr. 49620206-7
Hjól
20" BMX barnahjól, blátt eða rautt.
Fullt verð: 25.990
19.900
30% afsláttur
Vnr. 0291500
Ræktunarkassi
Ræktunarkassi, 500x1000x1200 mm.
Fullt verð: 14.990
10.493
30% afsláttur
Flymo
Vnr. 53323037
Sláttuvél
FLYMO TURBO svifsláttuvél. 1500W, sláttubreidd 40 cm, sláttuhæð 15-41 cm, þyngd 7,5 kg.
Fullt verð: 36.900
25.830
20% afsláttur
OUTBACK
Vnr. 50630102
Gasgrill
OUTBACK TROOPER PLUS gasgrill, 48x50 cm, grillflötur með tvískiptum brennara.
Fullt verð: 59.900
49.900
25% afsláttur
Vnr. 41616014
Garðsett
KOHLS garðsett, borð 55x55 cm, 2 stólar.
Fullt verð: 12.990
9.743
50% afsláttur
Vnr. 55900030
Hekkklippur
Hekkklippur með trefjaplastsskafti.
Fullt verð: 2.990
1.495
25% afsláttur
Pinotex
kjörvari
Öll viðarvörn
35% afsláttur
Allir garðúðarar
30% afsláttur
GRILLPRO
Allir grillfylgihlutir
33% afsláttur
Vnr. 54930605
Slöngukefli
DAYE slanga og slönguvagn.
Fullt verð: 5.960
3.990
50% afsláttur
Allar sessur
BYKO
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
EXPO · www.expo.is



Sprengfull búð af frábærum tilboð
SUMARM
PRIMUS LUGT m. kveikju
3.490
ÁÐUR 6.673
25–70%
AFSLÁTTUR AF GASVÖRUM
FYRIR FERÐALAGIÐ
CAMPINGAZ HELLUR
9.990
ÁÐUR 17.990
COLEMAN LUGT
3.990
ÁÐUR 10.691
25%
AFSLÁTTUR AF
DIDRIKSON
FATNAÐI
COLUMBIA Silver Ridge
herrajakki
27.743
ÁÐUR 36.990
PRIMUS GASHELLA
4.990
ÁÐUR 11.537
PRIMUS GASLAMPI
2.990
ÁÐUR 11.084
COLUMBIA Pearl
dömupeysa
14.925
ÁÐUR 19.900
COLUMBIA Silver Ridge
herrabuxur
13.493
ÁÐUR 17.990
COLUMBIA Silver Ridge
dömubuxur
14.993
ÁÐUR 19.990
COLUMBIA Trail Trip
dömujakki með hettu
20.993
ÁÐUR 27.990
25–50%
AFSLÁTTUR AF
COLUMBIA
FATNAÐI
COLUMBIA gönguskór
20.993
ÁÐUR 27.990
25%
AFSLÁTTUR AF
COLUMBIA
SKÓM
COLUMBIA gönguskór
28.493
ÁÐUR 37.990
ellingsen.is
Columbia Sportswear Company
Coleman
CAMPINGAZ
DEVOLD
DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN
PRIMUS
PIPAR\TBWA • SÍA • 101746





**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

Heitasta golfmót ársins




Bylgjan Open
Fer fram hjá GKG
helgina 24. og 25. júlí

Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði - 70 bestu komast áfram og leika til úrslita á sunnudeginum.

Flott teiggjöf, nándarverðlaun á öllum Par 3 holum og sleggja dagsins fær verðlaun fyrir lengsta teighöggið. Veglegir vinningar!

Allir fá drykki frá Coke og Poweraid og Prince Polo í pokann!

Farðu á golf.is og skráðu þig strax í þetta vinsæla mót áður en það verður of seint.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


# Sigurbogi frelsisandans

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Því miður hef ég ekki komist hjá því að sjá nokkra sorpfréttaþætti hér á Spáni. Þar má fræðast má um beðmál fjölmiðlafígúra og önnur málefni sem þægilegast er að hafa út af fyrir sig.

**ÞÓ HEF** ég dregið nokkurn lærdóm af þessum þáttum en hann er sá að lýtalækningar vilja oftast hafa í för með sér óheppilegar afleiðingar. Margir verða með tímanum eins og af kattarkyni. Aðrir verða eins og þeir hafi gleypt bjúgverpil og enn aðrir enda með skakkt nef sem fer fólki venjulega afar illa.

**EKKI BER** að gráta þetta því ég tel að ljót mannvera geti orðið fögur um leið og hún stendur fyrir eitthvað fallegt. Þar sem ég vil ekki segja sögu af persónu sem mér þótti ljót en varð síðan falleg ætla ég að segja sögu af húsi, máli mínu til stuðnings.

**Í HLIÐINNI** fyrir ofan spænska þorpið Zújar er afar gamalt og illa farið hús. Fannst mér fátt þarfara hér í sveitinni en að fjarlægja slíkt óprýði sem gerði hlíðina hálf subbulega.

**SÍÐAN** var mér sagt að lýðveldissinni sem neitaði að beygja sig undir vald Francos eftir borgarastyrjöldina, sem lauk árið 1939, hefði haldið þar til í árafjöld. Sá hluti hússins, þar sem útlaginn dvaldi, var þá skemma og tók stúlka nokkur það að sér að færa honum mat þangað á laun en það var mikið áhættustarf því þung refsing lá við því að liðsinna óvinum einvaldsins.

**VEITTI** hún honum reyndar mun meira en fæðu því síðar bar hún barn undir belti. Það var afar óheppilegt því hver sú sem gat ekki gert grein fyrir barnsföður sínum var dæmd til eymdarlegra örlaga.

**EFTIR** rúmlega fimm ára veru greip útlaginn til þess ráðs að fela sig undir járnbrautarlest sem var á leið norður að frönsku landamærunum. Segir ekki frekar af ferðum hans á spænskri grundu. Yfirvöldum barst síðan beiðni um að leyfa stúlkunni að flytja til Frakklands þar sem barnsfaðir hennar væri franskur og gekk það eftir. Eignuðust þau fleiri börn í hinu frjálsa Frakklandi og hafa tvö þeirra komið hingað til Zújar til að kynnast sveitinni þar sem móðir þeirra sleit barnsskónum.

**NÚ ÞYKIR** mér hlíðin fögur enda stendur húsið í henni miðri og virkar á mig eins og sigurbogi frelsisandans.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > FH-ingar spila upp á stoltið í kvöld

FH tekur á móti BATE frá Hvíta-Rússlandi í kvöld í seinni leik liðanna í undankeppni Meistaradeildarinnar. FH tapaði fyrri leiknum, 5-1, úti. „Ég held að það sé lítið annað í stöðunni en að spila upp á stoltið. Það segir sig sjálft að það eru litlar líkur á því að komast áfram. Það er gaman að spila svona leiki og bera okkur saman við aðrar þjóðir og markmiðið hlýtur að vera að sýna að munurinn á liðunum er ekki svona mikill,“ segir Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH.



# sport

sport@frettabladid.is

**LÁRUS ORRI SIGURÐSSON:** DREGUR FRAM SKÓNA ÓVÆNT AFTUR OG SPILAR MEÐ SKAGAMÖNNUM

# *Ánægður að ljúka ferlinum þar sem hann hófst*

Skagamenn hafa löngum sýnt að þeir eru samrýndir og tveir gamlir refir hafa rifið fram skóna og hjálpað liðinu í sumar. Stefán Þórðarson lék með liðinu í síðustu umferð gegn HK og nú er Lárus Orri Sigurðsson kominn með leikheimild með ÍA.

„Það kom upp í vikunni að þeir eru í vandræðum með meiðsli og spurðu mig hvort ég gæti verið til taks ef á þyrfti að halda. Það er lítið mál og ég hjálpa liðinu glaður ef ég get,“ sagði Lárus Orri sem hefur aðeins spilað með ÍA og Þór á Akureyri á Íslandi.

„Þetta eru einu tvö félögin sem ég ber taugar til hérna heima. Ég spilaði með ÍA upp þriðja flokkinn á meðan pabbi spilaði þar og það er fínt að ljúka ferlinum og klára þar með hringinn þar líka,“ sagði Lárus Orri en faðir hans, Sigurður Lárusson, lék bæði með ÍA og Þór en Lárus Orri hætti þjálfun Þórsara fyrr í sumar.

„Ég er æskuvinur Þórðar Guðjónssonar framkvæmdastjóra og Þórðar Þórðarsonar þjálfara. Ef það rætist ekki úr meiðslunum hjá miðvörðunum þeirra þá mun ég spila en ég vona reyndar að þeir þurfi sem minnst á mér að halda,“ sagði Lárus Orri léttur en hann hlakkar þó til að klæða sig í gulu treyjuna á nýjan leik.



Hann hefur þó ekki hug á að spila lengur en í sumar. „Ég er ekkert að fara að gera þriggja ára samning. Ég hugsa ekkert lengra en bara að næstu helgi,“ sagði Lárus Orri.

„Lárus Orri er góður styrkur fyrir okkur og hann kemur með góða reynslu inn í liðið,“ segir Þórður þjálfari en ekki eru fleiri gamlir Skagamenn á leiðinni að draga fram skóna að hans sögn.

„Vandamálið er bara að við höfum ekki þessa peninga sem félögin í Reykjavík hafa. Við þurfum því að fara aðrar leiðir en það hefur gengið illa að fá menn upp á Akranes. Það eru klárlega peningarnir sem ráða ríkjum hjá mörgum af þessum strákum í dag,“ sagði Þórður.

„Ég er bara ánægður ef ég get eitthvað hjálpað, þó að það sé bara að sitja rólegur á bekknum,“ sagði Lárus Orri Skagamaður, sem gæti spilað sinn fyrsta leik á föstudaginn gegn Fjarðabyggð.



**BOLTINN Í ANDLITIÐ?** Boltinn virtist fara í andlitið á Zver sem lagðist í jörðina greinilega sárþjáð. Blikar voru æfir þar sem Anna Birna fékk rautt spjald en Zver var að sleppa ein í gegn þegar atvikið gerðist. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# KARAKTER BLIKA

**Breiðablik vann Þór/KA í stórleik gærkvöldsins í Pepsi-deild kvenna. Blikar voru 2-0 undir og leikmanni færri í klukkutíma en börðust til 3-2 sigurs.**

**FÓTBOLTI** Mikið var í húfi fyrir stórleik Breiðabliks og Þórs/KA í gærkvöldi. Eftir frábæran leik unnu Blikastúlkur 3-2 en Valsstúlkur eru í bílstjórasætinu og þurfa að tapa stigum í þremur leikjum til að verða ekki Íslandsmeistarar.

Fyrri hálfleikurinn í Kópavoginum var fjörugur. Eftir slaka byrjun kom Elva Friðjónsdóttir norðanstúlkum yfir með fínu marki áður en umdeilt atvik átti sér stað. Sending kom inn fyrir vörn Blikastúlkna og Mateja Zver var sloppin ein í gegn en Anna Birna Þorvarðardóttir braut á henni. Því hafði dómari leiksins, Hákon Þorsteinsson, ekki um annað að ræða en að senda Önnu Birnu af velli en Blikar voru æfir og vildu meina að Zver hefði verið rangstæð.

Akureyrarliðið virtist vera komið í góða stöðu þegar Zver kom liðinu í 0-2 og liðið manni fleiri, en aðeins mínútu eftir markið frá Zver hófst endurkoma Blika.

Greta Mjöll Samúelsdóttir skoraði og minnkaði muninn og Sara Björk Gunnarsdóttir fékk dauðafæri til að jafna undir lok fyrri hálfleiks en missti marks.

Greta Mjöll jafnaði svo leikinn áður en Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði tíu mínútum fyrir leikslok. Endurkoma Blika var þar með fullkomnuð en karakter þeirra var einstakur. Með sigrinum er liðið komið í annað sæti deildarinnar en á þó nokkuð í land til að ná Val.

„Ég er mjög ánægður, þetta er vinnusigur og sigur liðsheildarinnar. Það er ótrúlegt að afreka það að klára leik manni færri 2-0 undir gegn jafn sterku liði og Þór/KA. Við fáum á okkur mark strax eftir rauða spjaldið en náðum að endurskipuleggja vörnina og koma til baka sem sýnir gríðarlegan karakter í liðinu,“ sagði Jóhannes Karl Sigursteinsson þjálfari Breiðabliks.

„Mér fannst það ekki sjást að við vorum manni færri, oft á tíðum hengja lið hausinn þegar þau missa mann útaf hvað þá þegar þau eru 2-0 undir en við náum að skora rétt fyrir hálfleik. Það gaf okkur góðan möguleika og með því marki sýndi Greta Mjöll hvað hún er góð knattspyrnukona. Hún er að koma úr erfiðum meiðslum en á frábæran dag og er vinnusemi hennar og elja að borga sig,“ sagði Jóhannes.

„Það er lítið hægt að segja eftir þennan leik, þetta var hrikalega dapurt hjá okkur. Stelpurnar mínar hafa spilað mjög vel í sumar en þetta var lélegt,“ sagði Dragan Stojanovic, þjálfari Þór/KA, svekktur. „Við vissum að mark númer þrjú yrði mikilvægt og ætluðum okkur að ná því. Við fáum hins vegar á okkur mark rétt fyrir hálfleik en við ætluðum að halda áfram okkar spilamennsku og ná að klára leikinn. Valur er auðvitað með frábært lið með fullt af landsliðskonum og þau verða erfitt að ná þeim,“ sagði Dragan í leikslok.

**- kpt**

## PEPSI-DEILDIN

### *Úrslit og markaskorarar*

**Breiðablik - Þór/KA 3-2**
0-1 Elva Friðjónsdóttir (15.), 0-2 Mateja Zver (27.), 1-2 og 2-2 Greta Mjöll Samúelsdóttir (28. og 60), 3-2 Berglind Þorvaldsdóttir (80.).

**Afturelding - KR 0-2**
Margrét Þórólfsdóttir og Kristín Sverrisdóttir.

**Valur - FH 9-0**
Hallbera Guðný Gísladóttir 4, Kristín Ýr Bjarnadóttir 2, Katrín Gylfadóttir, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir og Björk Gunnarsdóttir.

**Haukar - Fylkir 0-1**
Íris Dögg Snorradóttir.

**Grindavík - Stjarnan 0-3**
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir 2, Inga Birna Friðjónsdóttir.

Upplýsingar um markaskorara eru frá Fótbolta.net.

### *Staðan í deildinni:*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Valur | 11 | 9 | 2 | 0 | 51-7 | 29 |
| **2. Breiðablik** | **12** | **7** | **2** | **3** | **25-16** | **23** |
| 3. Þór/KA | 11 | 7 | 1 | 3 | 33-14 | 22 |
| **4. Stjarnan** | **11** | **6** | **2** | **3** | **23-8** | **20** |
| 5. Fylkir | 11 | 6 | 1 | 4 | 22-15 | 19 |
| **6. KR** | **12** | **5** | **3** | **4** | **15-14** | **18** |
| 7. Afturelding | 11 | 4 | 1 | 6 | 9-32 | 13 |
| **8. Grindavík** | **11** | **3** | **2** | **6** | **6-17** | **11** |
| 9. Haukar | 11 | 1 | 0 | 10 | 5-30 | 3 |
| **10. FH** | **11** | **1** | **0** | **10** | **9-44** | **3** |

KR borgaði upp samning Loga Ólafssonar út tímabilið:

# Óskalisti KR ekki teiknaður strax

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson stýrði sinni fyrstu æfingu hjá KR síðdegis í gær. Hann tók við liðinu af Loga Ólafssyni daginn eftir 3-3 jafnteflið við Hauka en fyrsti leikur hans með liðið er seinni leikurinn gegn Karpaty frá Úkraínu á morgun. Liðið flaug út í nótt en fyrri leiknum lauk með 3-0 sigri Karpaty.

Samningur Loga við KR gilti út tímabilið. „Það þurfti ekki að komast að neinu sérstöku samkomulagi um peningamál við Loga, við borgum honum bara út samninginn sem gildir til 30. september eins og venjan er,“ segir framkvæmdastjóri KR, Jónas Kristinsson, en Logi var á sínu síðasta samningsári í Vesturbænum.

Leit að nýjum þjálfara KR er þó ekki hafin. „Við höfum nægan tíma. Við erum bara að klára þessi mál núna og Rúnar stýrir liðinu út þetta tímabil. Eftir það tekur við frí áður en undirbúningstímabilið byrjar svo tíminn er nægur,“ sagði Jónas.

Hann sagði jafnframt að enginn óskalisti hefði verið teiknaður upp en orðrómur um að Guðjón Þórðarson væri að bíða eftir að starfið losnaði hefur verið lengi í gangi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur hann þó ekki til greina sem næsti þjálfari KR.

Samkvæmt sömu heimildum vilja KR-ingar ráða sannan Vesturbæing og þá helst mann sem hefur spilað með félaginu. Þeir sem þykja einna helst til greina eru Heimir Guðjónsson sem nú þjálfar FH, Gunnlaugur Jónsson sem er hjá Val, Guðmundur Benediktsson sem er hjá Selfoss, Sigursteinn Gíslason sem er hjá Leikni, og Óskar Hrafn Þorvaldsson sem áður lék með KR og þjálfaði meðal annars yngri flokka hjá félaginu til marga ára.

Þá er Gunnar Kristjánsson ekki á leiðinni frá KR í FH strax, hann fór liðinu til Úkraínu í nótt. „Stjórnir FH og KR þurfa lengri tíma til að ræða saman. Ég mun ræða betur við FH-inga þegar við komum heim en þangað til gef ég mig allan í verkefnin framundan hjá KR,“ sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær.

**- hþh**



**FYRSTA ÆFINGIN** Rúnar stýrir hér KR-ingum á sinni fyrstu æfingu sem þjálfari aðalliðsins. Bjarni Guðjónsson og Óskar Örn Hauksson hlusta á. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



# Sænska stjarnan til Íslands

**Sænska poppstjarnan Robyn kemur fram á Iceland Airwaves í ár. Þetta er í fyrsta sinn sem Robyn kemur fram á tónleikum á Íslandi en söngkonan hefur notið mikilla vinsælda undanfarið.**



**DANSDROTTNING** Hin sænska Robin Miriam Carlsson, eða Robyn eins og hún kallar sig, mun sjá til þess að dansþyrstir Íslendingar geti dillað sér á Iceland Airwaves.

„Robyn er stærsta erlenda nafnið sem við höfum gefið upp fyrir hátíðina í ár," segir Egill Tómasson hjá Iceland Airwaves.

Robyn mun hafa haft mikinn áhuga á að koma á hátíðina og gerði því ráð fyrir Íslandi í tónleikaferðalagi sínu milli heimshorna. „Robyn er mjög spennt fyrir að koma til landsins og lítur á tónleikana hér sem lið í kynningarferð sinni um heiminn," segir Egill og bætir við að sænska poppstirnið sé að springa út sem tónlistarmaður um þessar mundir. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Robyn kemst í kynni við íslenskt skemmtanalíf. Hún þeytti skífum á Jacobsen fyrir ári við mikinn fögnuð íslenskra aðdáenda.

Egill segir að það sé ekki vaninn að fá svona frægan tónlistarmann eins og Robyn á hátíðina en að þeir séu mjög ánægðir með komu hennar. „Við reynum oft að finna frekar nýjar og ferskar hljómsveitir. Reynum að ná þeim áður en þær springa út. Robyn er þegar orðin stór á Norðurlöndunum og í Evrópu," segir Egill og bætir við að hann og aðstandendur hátíðarinnar vinni baki brotnu við að koma henni heim og saman. „Þetta gengur mjög vel og við höfum lagað okkur að breyttu umhverfi í þjóðfélaginu. Nú segjum við bara hljómsveitum sem eru að gera þetta fyrir peningana að fara eitthvert annað," segir Egill og bætir við að hann hafi frekar fundið fyrir auknum áhuga á landi og þjóð eftir eldgos og hrun en öfugt.

Nú hafa 23 erlendar sveitir staðfest komu sína á Iceland Airwaves þar á meðal Bombay Bicycle Club frá Bretlandi, Efterklang frá Danmörku og Slagsmålsklubben frá Svíþjóð.

alfrun@frettabladid.is

# Paul Weller og The XX tilnefnd

Reynsluboltinn Paul Weller hefur verið tilnefndur til hinna virtu Mercury-verðlauna í Bretlandi fyrir plötuna Wake Up The Nation, sextán árum eftir að hann var síðast tilnefndur fyrir Wild Wood.

Á meðal annarra tilnefndra eru Dizzee Rascal, The XX, Wild Beasts, Mumford and Sons, Biffy Clyro og Corinne Bailey Rae. Sigurvegarinn verður tilkynntur 7. september og fær hann í sinn hlut tuttugu þúsund pund í verðlaun, eða um 3,7 milljónir króna. Tilnefningarnar falla aðeins í hlut breskra eða írskra flytjenda sem hafa gefið út plötu á undanförnu ári. Á meðal síðustu sigurvegara Mercury-verðlaunanna eru Speech Debelle, Elbow, Klaxons og Arctic Monkeys.

Hljómsveitin The XX er talin líklegust til sigurs samkvæmt Ladbrokes-veðbankanum með líkurnar 5 á móti 2. Sveitin, sem er frá Englandi, spilar draumkennt indípopp og hefur fengið mjög góða dóma fyrir sína fyrstu plötu, XX. Komst hún ofarlega á marga árslista um síðustu jól og var til að mynda í öðru sæti hjá sérfræðingum Fréttablaðsins yfir bestu plötur síðasta árs.



**PAUL WELLER** Reynsluboltinn var tilnefndur eftir sextán ára hlé.



**THE XX** Enska hljómsveitin er talin líklegust til að hljóta hin virtu Mercury-verðlaun.


NÝTT Í BÍÓ!

Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti



FORSÝNING





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID FORSÝNING | kl. 8 | L |
| BABIES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BABIES LÚXUS | kl. 8 - 10 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.45 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 10.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |

já - er svarið

NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

## Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti









Allir elska börnin

BABIES

Gerber Því lengi býr að fyrstu gerð

Nestlé Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið

Frumsýnd í Smárabíói og Háskólabíói 21. júlí

græna ljósið

**Garðhús 7.28 m2**
Með fylgihlutum.
600236

**Gestahús 20 m2**
Með fylgihlutum.
600227



Garðhús 7.28 m2
**319.000**
~~359.000~~

Gestahús 20 m2
**1.395.000**
~~1.550.000~~

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# GARÐÚTSALA

ÚTSALA ÚTSALA

**ALLIR VINNA**
ALLIRVINNA.IS

**100%** ENDURGREIÐSLA Á VIRÐISAUKASKATTI

**100% endurgreiðsla á VSK af vinnu fagmanna! Kynnið ykkur málið.**

**300** ÞÚSUND KRÓNUR Í FRÁDRÁTT FRÁ SKATTSTOFNI

**Kynnið ykkur málið nánar á vefsíðunni www.allirvinna.is**

SKJÓLGIRÐINGAR
**25%**
AFSLÁTTUR



**10.990**
~~14.790~~

**Skjólgirðing Gyrðir**
178x178 sm
603312



Garðhús 4.4 m2
**149.000**
~~169.000~~

**Garðhús 4.4 m2**
Með fylgihlutum.
600239




ÖLL VIÐARVÖRN
**25%**
AFSLÁTTUR

Vatnsklæðning kúpt
21 x 110mm
50900



**3.100 kr/m$^2$**
~~3.972 kr/m$^2$~~

Grenipanill
12 x 87 mm
55600



**1.699 kr/m$^2$**
~~2.135 kr/m$^2$~~

**25%**
AFSLÁTTUR



**9.990**
~~13.790~~

**Vermireitur**
140x70x28 sm.
604205

Látum verkin tala!

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**



> America Ferrera

„Er ég latínó? Er ég Kani? Hvað í fjáranum er ég? Ég elska menninguna mína og ég er mjög stolt af föðurlandi mínu.“

***America Ferrera fer með hlutverk Ljótu Bettyjar í samnefndum þáttum sem eru á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld kl. 19.35.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON FÉKK ÓVÆNTAN SUMARGLAÐNING

# *Þátturinn sem ég missti af*

Sjónvarpsþátturinn um Jerry Seinfeld og vini hans hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér. Svo miklu uppáhaldi raunar að þrátt fyrir að hafa séð nánast alla þættina sem gerðir voru (180 talsins og suma margoft) þá keypti ég DVD-safnið þegar það var gefið út. Í kjölfarið horfði ég á Seinfeld í allri sinni dýrð og ef það voru einstakir þættir sem ég hafði ekki séð áður en ég keypti DVD-safnið þá voru svo sannarlega engir eftir þegar ég hafði varið þessum 66 klukkustundum eða svo í Seinfeld-gláp. Eða svo hélt ég.

Fyrir ekki svo löngu var ég á stöðvaflakki og kom niður á Seinfeld-þátt í danska ríkissjónvarpinu. Mér fannst ég ekki beint kannast við það sem fyrir augu bar og glápti því áfram. Eftir nokkrar mínútur komst ég að þeirri niðurstöðu, ótrúlegt en satt, að ég hafði ekki séð þennan einstaka þátt. Mér til láns var lítið búið af þættinum þegar þarna var komið og við tóku tæpar 20 mínútur af makalausri snilld. Í ljós kom að ég hafði einfaldlega hlaupið yfir einn þáttanna í 8. seríu á sínum tíma og ekki áttað mig á því.



Þetta reyndust hafa verið hin skemmtilegustu mistök. Ánægjan sem fólst í því að finna þennan leynda gullmola nú, mörgum árum eftir að ég hélt ég hefði þurrausið Seinfeld, var miklu meiri en hún hefði verið ella, hefði ég ekki óvart hlaupið yfir þáttinn.

Í kjölfarið skoðaði ég lista yfir alla Seinfeld-þætti sem framleiddir voru í þeirri von að ég hefði mögulega hlaupið yfir annan en þetta var auðvitað (og því miður) sá eini sem hafði runnið mér úr greipum. Ég þurfti því aftur að sætta mig við það að hafa blóðmjólkað allt sem Seinfeld hefur að gefa.

Það fylgir því nefnilega alltaf ákveðinn tregi þegar góð sjónvarpsþáttasería líður undir lok og horft er á síðasta þáttinn vitandi að þeir verða ekki fleiri. Sjónvarpsþættir eru jafnvel svolítið eins og lífið sjálft. Þeir eiga nokkur góð ár en deyja svo að lokum svo það eina sem hægt er að hugga sig við eru minningarnar um látna félaga, eins og Jerry, George, Kramer og Elaine.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ 19.35 Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ 20.00 The Ex STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.30 Herminator Invitational STÖÐ 2 SPORT



▶ 21.00 Ronaldo STÖÐ 2 SPORT 2



▶ 21.35 Ghost Whisperer STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Stiklur – Nær þér en þú heldur, fyrri hluti** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... jörðin (15:26)**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Alvöru dreki (20:21)**

**18.24 Sígildar teiknimyndir (17:26)**

**18.30 Finnbogi og Felix (3:12)**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Ljóta Betty** (68:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**20.20 Njóttu lífsins** Stuttmynd eftir Helenu Stefánsdóttur og Arnar Stein Friðbjarnarson. (e)

**20.30 Fornleifafundir** (1:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.

**21.30 Trúður** (9:10) (Klovn IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.(e)

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Alfreð Elíasson og Loftleiðaævintýrið** (2:3) (e)

**23.05 Af fingrum fram** (Guðmundur Jónsson) Jón Ólafsson píanóleikari spjallar við dægurlagahöfunda og tónlistarfólk.

**23.45 Fréttir (e)**

**23.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Waynes' World 2**

**10.00 First Wives Club**

**12.00 Happily N'Ever After**

**14.00 Waynes' World 2**

**16.00 First Wives Club**

**18.00 Happily N'Ever After**

▶**20.00 The Ex**

**22.00 The Last Time**

**00.00 Grilled**

**02.00 The Prophecy 3**

**04.00 The Last Time**

**06.00 Thelma and Louise**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (1:8)

**11.45 Grey's Anatomy** (6:17)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ally McBeal** (17:22)

**13.45 Ghost Whisperer** (5:23)

**14.40 E.R.** (8:22)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Maularinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (7:20)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (11:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (9:20)

**20.05 Gossip Girl** (17:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.50 Mercy** (13:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.

▶**21.35 Ghost Whisperer** (23:23)

**22.20 True Blood** (5:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.

**23.15 The Closer** (3:15)

**00.00 Fringe** (22:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.

**00.45 The Wire** (7:10)

**01.45 X-Files** (8:24)

**02.30 Grey's Anatomy** (6:17)

**03.15 E.R.** (8:22)

**04.00 Sjáðu**

**04.30 Gossip Girl** (17:22)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**17.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta skoðað í þaula.

**19.00 Reno-Tahoe Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**20.00 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.

▶**20.30 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational-mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.

**21.15 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik Liverpool og Atletico Madrid í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**23.00 Barcelona 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Barcelona á Spáni. Margir færustu og bestu pókerspilarar heims mæta til leiks.

**23.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.25 Goals of the Season 2005/2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**18.20 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

▶**21.00 Ronaldo** Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldo eða „Rögnvald reginskyttu“ eins og hann hefur stundum verið kallaður hér á landi. Ronaldo sýndi frábæra takta með Barcelona og Inter meðal annars og sýndi hvers hann var megnugur á HM 1998 og 2002.

**23.15 Goals of the Season 2006/2007** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.35 Matarklúbburinn** (6:6) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Matarklúbburinn** (6:6) (e)

**12.25 Óstöðvandi tónlist**

**16.25 The Bachelor** (8:10) (e)

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 Dr. Phil**

**18.45 Girlfriends** (15:22) (e)

**19.05 Still Standing** (8:20) (e) Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu.

**19.30 Sumarhvellurinn** (6:9) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst. Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar og stendur fyrir skemmtilegum viðburðum.

**19.55 King of Queens** (12:23)

**20.20 Top Chef** (8:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Þemað í þessum þætti eru gómsætar freistingar.

**21.05 How To Look Good Naked 4** (1:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín.

**21.55 Life** (14.21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.

**22.45 Jay Leno**

**23.30 Law & Order** (12:22) (e)

**00.20 The Cleaner** (5:13) (e)

**01.05 King of Queens** (12:23) (e)

**01.30 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Skýjum ofar** Dagbjartur Garðar Einarsson og Snorri Bjarnvinsson um listir háloftanna.

**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með sjóðheitt stöff úr mótorhjólaheiminumm í allt sumar.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Eru þeir að fá hann?** Allt um veiði sumarsins.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKEMMTISIGLING: AUSTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA

# Liberty of the Seas ★★★★★

Eitt stærsta og mikilfenglegasta skemmtiferðaskip heims!

**Miami – Florida, Philipsburg – St. Maarten, San Juan – Puerto Rico, Labadee – Haiti, Miami – Florida**

2.–11. OKTÓBER 2010

## Örfá sæti laus í þessa frábæru siglingu!

**Úrval Útsýn kynnir með stolti, Liberty of the Seas, eitt stærsta og mikilfenglegasta skemmtiferðaskip heims. Skipið er eitt af nýjustu viðbótum Royal Caribbean skipafélagsins en það fór jómfrúarferð sína í maí 2007. Það hefur einstaka eiginleika og aðstöðu, t.d. vatnagarð með brimbrettaaðstöðu, skautasvell, klifurvegg, verslunargötu og skemmtistaði svo fátt eitt sé nefnt. Þetta glæsilega skip er búið nær öllu er hugurinn girnist. Barir, veitingahús, leiksýningar og skemmtanir eru hvarvetna í boði, ásamt ævintýralegu sundlaugasvæði. Liberty of the Seas er sannkallað fljótandi 5 stjörnu lúxus hótel sem undirstrikar að skemmtisiglingar eru ævintýri og upplifun sem seint gleymist.**

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

Verð frá: **236.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna.*

*** Innifalið: Flug til og frá Orlando, gisting á Baymont Inn & Suites í Orlando með morgunverð í eina nótt, skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 7 nætur, þjórfé um borð í skipinu, allar ferðir milli flugvalla, hótels og skips og íslensk fararstjórn.**



ÚRVAL ÚTSÝN ÆVINTÝRI www.uu.is

ÚRVAL-ÚTSÝN

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50



**Mercy**

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær allt of miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### How to Look Good Naked

**Skjár einn kl. 21.05**

Bresk þáttaröð þar sem línurnar fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hafa óbeit á líkama sínum og læra að njóta hins kvenlega sköpulags.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Svik og prettir í bókmenntaheiminum
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Harðgrýti fátæktar: Umræður
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (6:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (6:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**22.50 Gavin and Stacy** (2:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.

**23.20 Talk Show With Spike Feresten** (1:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.

**23.45 The Doctors**

**00.30 Falcon Crest II** (6:22)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** My Family **13.10** My Family **13.40** After You've Gone **14.10** After You've Gone **14.40** The Weakest Link **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Tess of the D'Urbervilles **20.25** Grownups **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** After You've Gone **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** Grownups

## DR 1

**12.00** Så for sommer **12.30** Og det var Danmark **13.00** Sommertid **13.30** Forsvundne Danskere **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Æbletyvene **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Og det var Danmark **17.30** Ønskehaven **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Katastrofealarm **21.15** Onsdags Lotto **21.20** Mord på hjernen **22.55** Naruto Uncut **23.15** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Kroppen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Munter mat **18.00** Luftambulansen **18.30** Lofoten internasjonale kammermusikkfest **18.55** Vikinglotto **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** House **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med **22.05** Pinlige sykdommer **22.50** Dette er min stemme **23.20** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Bee Season **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Såna är mammor **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** Golf. Scandinavian Masters **20.30** Nip/Tuck **21.15** Morden i Midsomer **22.45** Hotellet **23.30** Vinnarna **00.00** Undercover Boss




Siglingastofnun Íslands óskar Vestmannaeyingum og landsmönnum öllum til hamingju með Landeyjahöfn

Siglingastofnun Íslands skilar nú til samfélagsins einstöku hafnarmannvirki, Landeyjahöfn, sem er ætlað að skapa tækifæri og efla byggð í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Þrátt fyrir efnahagshrun, eldgos og á köflum erfitt tíðafar tókst með góðri samvinnu að ljúka gerð mannvirkjanna innan kostnaðar- og tímaáætlana. Lögðu margir hönd á plóginn við verkefnið og eiga heiður skilinn. Er verktökum og öðrum sem aðkomu áttu þökkuð vel unnin störf.

SIGLINGASTOFNUN

## GOTT Á GRILLIÐ



*Lax í tamarílegi er í uppáhaldi. Ég ber hann fram með heimalöguðu kartöflusalati, með hunangi, balsamikediki, Dijon-sinnepi og ólífum. Alveg rosalega gott.*

Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Hugmyndahúss háskólanna.

# Hjúskaparlögin laða lesbíur til landsins

„Nokkrum vikum áður en við komum til landsins voru breytt hjúskaparlög samþykkt á Íslandi. Þar sem tengsl mín við landið eru mér mjög mikilvæg langaði okkur mikið að láta gefa okkur saman þar,“ segir hin bandaríska Barbara L. Lawson.

Barbara gekk að eiga unnustu sína, Julie Layne, hjá sýslumanninum á Akureyri þriðjudaginn 13. júlí. Breytt hjúskaparlög eru augljóslega byrjuð að hafa áhrif, en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá eru aðrar Bandaríkjakonur, þær Edie Hoffmann og Jen Stewart, væntanlegar til landsins í ágúst og stefna þær á að gifta sig á Hinsegin dögum í Reykjavík.

Lawson og Layne hafa verið saman í 18 ár. Þær voru staddar hér á landi í brúðkaupsveislu hálfbróður Lawson, Gunnari Sigurfinnssyni, og eiginkonu hans, Maríu Lóu Friðjónsdóttur. Gunnar og María Lóa aðstoðuðu parið við að skipuleggja brúðkaupið óvænta og hjálpuðu til við að redda gögnum og öðru slíku. Þegar Lawson og Layne komu til landsins voru þær ekki enn búnar að fá staðfestingu á því að af þessu yrði. Að morgni þriðjudagsins 13. júlí fengu þær svo svör hjá sýslumanninum á Akureyri um að hann gæti gefið þær saman ef þær myndu koma til hans á næsta hálftímanum.

„Við kipptum hringum og skjölum og stukkum af stað. Fólkið stökk út í garð og tíndi villt blóm til að búa til blómvendi handa okkur og unga fólkið henti hrísgrjónum yfir okkur þegar við löbbuðum út úr húsinu,“ segir Lawson. „Það að geta loksins sagt að við séum hjón skiptir okkur miklu máli.“ - ls



**BARBARA OG JULIE** Ánægðar með að geta talað um sig sem hjón líkt og gagnkynhneigðir.



**LÁRÉTT 2.** óviljugur, **6.** bardagi, **8.** skar, **9.** pili, **11.** tveir eins, **12.** kæra, **14.** veira, **16.** í röð, **17.** þrá, **18.** hylli, **20.** komast, **21.** högg.
**LÓÐRÉTT 1.** leikur, **3.** íþróttafélag, **4.** ráðning, **5.** sunna, **7.** verund, **10.** mánuður, **13.** kvk nafn, **15.** ílát, **16.** rámur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ófús, **6.** at, **8.** hró, **9.** rim, **11.** ll, **12.** klaga, **14.** vírus, **16.** hi, **17.** ósk, **18.** ást, **20.** ná, **21.** stuð. **LÓÐRÉTT: 1.** hark, **3.** fh, **4.** úrlausn, **5.** sól, **7.** tilvist, **10.** maí, **13.** gró, **15.** skál, **16.** hás, **19.** tu.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. FM Belfast.
2. Rúnar Kristinsson.
3. Í Norður-Kóreu.


BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts


STEINUNN JAKOBSDÓTTIR: STARFSVIÐTALIÐ FÓR FRAM Í GEGNUM SKYPE

# Skólastjóri í alþjóðlegum barnaskóla í Kambódíu

Steinunn Jakobsdóttir útskrifaðist með meistaragráðu í þróunarfræði frá UCD háskólanum í Dublin síðustu jól og starfar nú sem skólastýra í alþjóðlegum barnaskóla í Phnom Penh í Kambódíu.

„Ég dvaldi hér í þrjá mánuði síðasta sumar þegar ég vann að meistaraverkefninu mínu og vann þá á munaðarleysingjaheimili í Phnom Penh. Mér fannst yndislegt að vera hérna þrátt fyrir þessa miklu fátækt og langaði að koma aftur eftir útskriftina,“ útskýrir Steinunn, en hún heimsótti landið fyrst fyrir tvemur árum sem ferðalangur og segist strax hafa heillast af bjartsýni og góðvild heimamanna. „Þessi þjóð er búin að ganga í gegnum algjört helvíti á síðustu áratugum en þrátt fyrir það er fólkið alltaf brosandi og alveg sérstaklega elskulegt.“

Steinunn fékk starfið í Kambódíu eftir starfsviðtal sem fór fram í gegnum samskiptavefinn Skype og mun hún starfa við skólann næsta árið. „Þetta er alþjóðlegur barnaskóli og nemendurnir koma meðal annars frá Frakklandi, Kína, Mongólíu, og Kambódíu. Ég er eins konar framkvæmdastjóri skólans og er með litla skrifstofu þar sem ég sit og sé um daglegan rekstur skólans og að öll samskipti milli starfsfólksins og foreldranna séu góð,“ segir Steinunn en ásamt henni starfa tvær aðrar íslenskar konur við skólann. Telur Steinunn líklegt að þær séu einu íslensku stúlkurnar í Phnom Penh-borg. Vinnudagurinn hefst snemma í Kambódíu og að sögn Steinunnar vaknar borgin til lífsins klukkan fimm á morgnana og eru börnin mætt í skólann upp úr sjö. „Það getur verið erfitt að rífa sig á fætur en það er dásamlegt að mæta í vinnuna í hóp glaðlegra krakka,“ segir hún.

Aðspurð segist Steinunn hafa mikinn áhuga á að starfa áfram að þróunarverkefnum í Kambódíu og þá helst með börnum. „Ég hef mjög gaman af því að vinna með börnum og hef mikinn áhuga á að vinna frekar með börnum sem hafa ekki efni á að ganga í skóla eins og þann sem ég er að stýra núna. Hér er mikið af hjálparsamtökum sem vinna mjög þarft starf bæði í þágu barna og kvenna og það væri gaman að fá tækifæri til að vinna með þeim í framtíðinni.“

sara@frettabladid.is




**Í PHNOM PENH** Steinunn Jakobsdóttir starfar sem skólastýra í alþjóðlegum barnaskóla í Kambódíu. Hér er Steinunn, önnur til hægri, ásamt Ernu Eiríksdóttur, sundkennara skólans, öryggisverðinum Dina og skólakokkinum Leakna.

MYND/ÚR EINKASAFNI




### UM KAMBÓDÍU

- Kambódía er eitt af fátækustu löndum heims, en þar búa tæplega 15 milljónir.
- Frakkar lögðu undir sig landið rétt eftir aldamótin 1900 og Japanar hernámu landið í seinni heimsstyrjöldinni.
- Árin 1975 til 1979 réðu Rauðu khmerarnir yfir landinu. Þeir ætluðu að hreinsa landið af erlendum áhrifum og skapa jafnréttisríki sveitamanna. Sú umbyltingartilraun endaði með skelfingu og áætlað er að minnsta kosti 1,5 miljónir Kambódíumanna hafi verið drepnar eða dáið úr hungri og illri meðferð.
- Angelina Jolie hóf að sinna mannúðarmálum í kjölfar dvalar í Kambódíu við upptökur á Tomb Raider.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitin Dikta hefur slegið rækilega í gegn með laginu Thank You eins og landsmenn hafa ekki farið varhluta af. Eins og gengur með slíka slagara hefur lagið verið vinsælt í útilegum í sumar og verður það væntanlega um ókomin ár. Einn þeirra sem fluttu Diktulagið á kassagítarinn við varðeld í Húsafelli á dögunum var **Eyjólfur Kristjánsson**, sem er sjálfur þekktur fyrir annan útilegu-slagara, Draum um Nínu. Gerði hann sér lítið fyrir og söng Thank You tvisvar sinnum við fádæma góðar undirtektir viðstaddra. Hvort Nína fékk að hljóma jafnoft í meðförum Eyfa fylgir aftur á móti ekki sögunni.



Eins og kom fram í þessum dálki fékk kaffihúsaeigandinn og mannavinurinn Friðrik Weisshappel sér nýtt húðflúr á dögunum. Akkeri varð fyrir valinu og var það tákn fyrir festu sem fjölskylda hans veitir honum. Annar Íslendingur í útlöndum, fyrirsætan **Pattra Sriyanonge**, sem býr í Svíþjóð ásamt knattspyrnumanninum Theódóri Elmari, fékk sér einnig akkerisflúr á dögunum. Ekki er víst hvort um tískubylgju fólks sem flytur til Norðurlandanna er að ræða eða hreina tilviljun ...

Forsetaembættið kostaði Íslendinga um 168 milljónir króna í fyrra. Miðað við tölur Hagstofunnar voru Íslendingar um 317.900 talsins. Hver Íslendingur greiddi því um 530 krónur til **Ólafs Ragnars** og félaga samanborið við um 665 krónur sem embættið kostaði hvern Íslending í fyrra. Ljóst er að embættinu hefur tekist að skera töluvert niður og ef fer sem horfir ætti hver Íslendingur aðeins að þurfa að borga klinkið í vasanum til embættisins þegar nýr forseti verður kjörinn árið 2012.



- fb, afb


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Kærleikssamtökin

FANGAR Í NÝJU LJÓSI

Kynning á námskeiði sem er ætlað einstaklingum sem bíða afplánunar og fyrrverandi föngum verður haldin í Síðumúla 35, 2. hæð, **fimmtudaginn 22 júlí - kl.18.00.**

Allar nánari uppl á **www.kaerleikssamtokin.com** og í síma 821 6174 eða 587 4037, Sigurlaug.


# Spiluð á 200 útvarpsstöðvum

Fjögurra laga plata hljómsveitarinnar Thin Jim hefur fengið mikla spilun á útvarpsstöðvum í Kanada og Bandaríkjunum síðan hún kom út í mars.

„Við höfum fengið mikil viðbrögð, sérstaklega í Kanada. Það er verið að spila plötuna á yfir tvö hundruð útvarpsstöðvum og það er stór hópur sem bíður eftir plötunni okkar,“ segir bassaleikarinn Jökull Jörgensson og á þar við fyrstu stóru plötu hljómsveitarinnar sem er væntanleg í nóvember.

Fyrr á árinu þegar Fréttablaðið ræddi við Jökul voru tólf útvarpsstöðvar vestanhafs byrjaðar að spila fjögurra laga plötuna en sú tala hefur heldur betur hækkað síðan þá. Svo virðist því sem íslenska kántrípoppið falli sérlega vel í kramið í Norður-Ameríku.

Stefgjöldin sem fást fyrir þessa miklu spilun verða vafalítið há en sú upphæð verður þó ekki greidd fyrr en á næsta ári. „Ég fór með spilunarlistana í Stef um daginn og þeir göptu þegar maður kom með alla þessa lista,“ segir Jökull. Hann vonar að upphæðin verði sæmileg. „Þetta er eitthvað sem við gætum notað í tónleikaferðir eða eitthvað slíkt.“

Hinn nífaldi Grammy-verðlaunahafi, Gary Paczosa, er um þessar mundir að hljóðblanda nýju plötuna. „Hann var að skila „mixi“ að einu lagi sem við erum gjörsamlega í skýjunum með,“ segir Jökull. Næstu tónleikar Thin Jim verða á Rósenberg kl. 21.30 í kvöld. - fb



**THIN JIM** Margrét Eir, Kristófer Jensson og Erna Hrönn eru hluti af hljómsveitinni Thin Jim.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

111 KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK

25% AFSLÁTTUR
598 KR.KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG

598 KR.KG
**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

998 KR.KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR
1 KG

1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

194 KR. KG
35% AFSLÁTTUR
K.S FROSIN LAMBASVIÐ MERKT VERÐ 298 KR.KG.

259 KR.STK
KJARNAFÆÐI NÝTT KJÖTFARS 620g

998 KR.KG
BÓNUS LASAGNE 1 KG.

259 KR. PK
ELDAÐAR BÖKUNARKARTÖFLUR 750g

E.S ORKUDRYKKUR
250ml
98 KR. 0,25 LTR

98 KR. 0,5 LTR

159 KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G

182 KR.DS
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA 300g

198 KR.STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1000G

139 KR.4 STK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ BÓNUS

298 KR.STK
MYLLU KRYDDKAKA 440G

259 KR.STK
BÓNUS VÖFFLUMIX 500g 259 kr.br
HALTA ÞEYTIRJÓMI 250ml 259 kr.pk

998 KR.KG
**K.S FROSIÐ LAMBALÆRI**

98 KR. 0,5 LTR

129 KR. 1 LTR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ómari veitt afmælisgjöfin

Hugmynd Friðriks Weisshappel um að losa **Ómar Ragnarsson** við skuldabagga fyrir sjötugsafmæli hans í haust hefur verið tekið opnum örmum af þjóðinni. Um fimmleytið í gær voru rúmlega 6.600 manns skráðir í Facebook-hóp um málið auk þess sem Landsvirkjun hefur heitið Ómari tveimur milljónum króna í styrk. Því má telja líklegt að Ómar sé orðinn skuldlaus maður og raunar gott betur. Friðrik hefur nú tilkynnt að Ómari verði á laugardag klukkan þrjú veitt ávísun sem á verði letruð sú upphæð sem safnast hefur á þeim tímapunkti. Ómar veit ekki hve mikið hefur safnast en hann er fastur uppi í Veiðivötnum fram að helgi. Það verður óneitanlega gaman að sjá svipinn á Ómari þegar hann veitir ávísuninni viðtöku á laugardag.



### Mugison fer fyrir nýrri tónlistarhátíð

Tónlistarmaðurinn **Mugison** hefur lagt sitt af mörkum við að efla tónlistarlíf á heimaslóðum sínum á Vestfjörðum undanfarin ár. Hann er meðal annars forsprakki tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður ásamt föður sínum, en hátíðin fer fram um páskahelgina ár hvert. Nú fer hann fyrir nýrri tónlistarhátíð sem fer fram um næstu helgi á Hótel Laugarhóli á Ströndum. Sú verður ókeypis líkt og Aldrei fór ég suður, en verður heldur minni í sniðum, tónleikar verða aðeins á laugardaginn. Þar verða tónlistaratriðin ekki af verri endanum, en auk Mugisons munu Pétur Ben, Lára Rúnars og hljómsveitin Pollapönk koma fram.

- mþl, þeb



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Íslandskynning bönnuð börnum
2. Rússneskum njósnara boðin hlutverk í klámmyndum
3. Lögreglan rannsakar nauðgun í Elliðaárdal
4. Lík Moats krufið á nýjan leik
5. Flugfreyja stal frá sofandi farþegum
6. Ómar týndi debetkortinu sínu


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.






Aðeins í 3 DAGA

30 - 90% AFSLÁTTUR

Borðtölvur, vinnustöðvar, fartölvur, netþjónar, afritunarstöðvar, töskur, mýs, lyklaborð, prentarar, netbúnaður, pappír, tölvuskjáir, flakkarar og margt fl.

Við bjóðum nýjar vörur í bland við eldri sýnishorn á rýmingarverði 21. - 23. júlí. Farðu inn á ok.is og gerðu frábær kaup - eða komdu á lager Opinna kerfa að Höfðabakka 9, opið kl. 9 - 17.

OPIN KERFI
25 ára

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.